CHRONOLOGIÆ TENTAMEN.

edur

Tima-Tals Registurs Agrip

Fra Upphafe allra Skapadra Hluta, til vorra Daga.

J Hiaverkum
Ur ymsum Sagna-Meistara Skrifum,
á hvørs Dags Jslendsku Samanlesid
af
HALLDORE JACOBSSYNE.

Þryckt ad Hrappsey MDCCLXXXI. af Magnúsi Moberg.

CICERO IN CATONE M.

Horæ cedunt & dies Menſis & Anni nec præteritum Tempus unqvam revertitur neç qvid ſeqvatur ſciri poteſt.

Til Lesarans.

Ecki mun mínum Háttvirdande Landsmönnum óvidurqvæmilegt þikia, ad eg giori nockra skilagrein firir, hvílikar ordsaker eru til þeß ad eg meddeili þeim þennann litla Bækling, til yferskodunar, og firer tilhiálp þeß Kóngelega privilegerada Prentverks í Hrappsey, læt hann á þrick útgánga; Sem og á hverium grundvelli hanns innehalld biggt er, hvorttveggia vil eg þá med fám ordum í liós leida sem efterfylger.

Oflángt er upp ad reikna, allar þær nitsemder sem lestur og þecking á helgum og heidnum Sögum og Historium, á firri og seirni öldum med sier færer og fært hefur, það hafa so marger og merkelega vellærder menn ádur giört, ad ei er ábótavant, einasta má eg gieta

ordа *Ciceronis*, Þar hann ſeiger, Vere igitur hiſtoria eſt teſtis temporum lux veritatis, vita memoriæ, magiſtra vitæ, nuncia vetuſtatis. Sá hálærde Sál. Profeſſor *Ancherſen*, ſeigir i Þvi Chronologiſka Compendio, ſem hann liet Þrickia i **Kavpenhafn** 1754, **Uden** *Chronologie* **er** *Hiſtorien* **blind paa ſit høyre Øje, (det andet er** *Geographie*) **og uden** *Hiſtorie*, **er Menneſked beſtandig et Barn.** Þeſſa og marga fleiri vitnisburdi læt eg mier duga til ad aſſaka nærverande litla Chronologiſka Speciminis Utgáfu ordſaker, under Þrickinguna: vide *Chytbr.* De utiliter legendis hiſtoriis &c. Hvad vidvíkur Þeim Grundvelli ſem innehalld Bækſingſens er ábiggt, hlít eg ad vera Þar nockud fiolordari um. Veit eg ad eitt hid meſta vandaverk er ad finna Þad retta tímatal, Þeir hávitruſtu menn ſem gott tóm hafa haft, og ei ſídur áhølld, lærdóm og hugvit, hafa ei kunnad ad fullnægia efterÞánkaſømum leſendum, hver af rís ſtór ágreiníngur, úr hverium riett ad ráda eingenn hefur eñ nú gietad ſo med fullri viſſu meigi kallaſt; eg heſi Þeßvegna filgt Þeim beſtu Autoribus ſem haft hefe og fleſter vered ſamhlióda fundner, og n.l.

1.) Aller menn vita ad ſú elldſta og rettaſta Hiſtoria og Tímatal, (já hid einaſta ſem til er um Þá tíma), er Þad ſem vier hofum i H. Ritníngu, um Veralldarinnar ſkøpun, Syndafallid, firirheited um *Meſſiam*, Mankynſens fiølgun, Syndaflódid, Þiódaña Ettqvíſler, og Køllun **Abrahams**, hvar ad biriaz ſtór ágreiníngur milli Tímatals-meiſtaranna (vide §. 2. 3.) Ritníngareñar ártale filgi eg um **Patriarchanna** tíma, ferdalag **Iſraels** fólks, Løgmálſens Augliſíng, ſamt **Judaña** Geiſtlegt og Verdſligt ſtiórnarſtand, og Gudsdýrkunar máta til andláts **Moiſes**, Þeſſ Guds maññs, hvad hañ allt hefur ágiæta vel uppteiknad um 2493 ár; ſo furdanlegt er, Þá Auctores ſem á Margine hier og hvar eru citerader, hefe eg ſamanborid vid greint ártal, og bundid mig Þó alltíd til Þeirra nýjuſtu og meſt ſamſtemmandi.

2.) Efter andlát **Moiſis** med Þeim **Canaaniſka** Hernade, biriaſt **Joſhæ** og **Domaraña** Bækur, allt til daga **Eli** Kieñimañs, innehalldandi 317 ár, á Þeſſum árum innfiellu **Trojumanna** Bar=

Bardagar í Tíd *Abdonis* 13. Dómara í **Jsrael.** Anno Mundi 2782 seiger *Chythræus*, enn 2742 *J. Cluverus* pag. 19 ad **Trojuborg** hafe vered inntekenn, eg filgi hier þeim firri.

3.) Fiórar **Kongabækurnar** innehallda 554 ára tímatal allt til þeirra **Babyloniskn** Herleidíngar, frá hverri til þess 21a. árs *Cyri* Kongs af **Persia** reiknast 70 ár, og innehelldur so framanskrifad Ritníngarinnar tímatal, óbriáladann 3434 ára tíma; þar til sú **Persiska** Monarchia biriast.

4.) *Herodotus* frá **Halicarnassis** sem lifdi í **Gricklandi** hier um Anno M. 3540 biriar so ad seigia sínar fráſogur, þar sem Ritníngenn hætter, því hann bædi seiger frá *Cyro* og þeirrar Persisku stiórnunnar uppbiriun og þeirra Kóngum, hann skrifar um **Ægiptska, Lydos, Medos, Grickie** og **Athenuborgarmenn**, hanns Historia nær yfer 230 ár, frá *Gyge* Kóngi í **Lydia** (sem tók Ríkie undereins og *Manasses* 14 **Juda** Kóngur) og til þess *Xerxes* flýdi úr **Gricklandi** A. M. 3485.

5.) Strax efter *Herodoti* tíder biriar *Thucydides* sínar fráſagner, um flotta *Xerxis* **Persa** Kóngs þær ná um 70 ára tíma, og upptelia þavg stríd sem Gricker færdu mille sín innbirdis og annad margt fleira.

6.) *Xenophon* tekur þá vid og færir sínar fródleiksſogur allt framm til A. Mundi 3600. báder fyrtieder Saguaskrifarar voru Hershöfdíngiar, annar í **Gricklande** enn hinn í **Persia**, under *Cyro* hinum ýngra, og eru því trúverdugri efter því siálfer hafa heirt og sied þad þeir hafa ritad um.

7.) *Diodorus Siculus* hefur skrifad eina almenneliga Historiu med ártali og tída-registri, allt framm til daga *Julii C.* í 40 Bókum, af hverium einar 15 eru efter, hanns 17. bók biriast skamt efter þad *Xenophon* hætter, A. M. 3605. sama ár sem *Philippus* fader *Alexandri M.* tók Kóngdóm, seiger hann frá þessara fedga hernadi og frægdarverkum, allt til Anno M. 3664; þessi tíme nær heim í þeirri 10. bók *Livii Pataviani.*

8.) *Livius* er einn hinn markverdasti af ollum þeim gomlu Soguskrifurum, þar hann med sierdeilis trúskap og einlægni, hefur ritad

 sínar

❧ ❧ ❧

stuar sogur, frá upphafi **Romaborgar**, fram á daga *Augusti* Keisara, um 746 ár, af hanns 140 bókum, eru einar 30 vid lyde hiá oß, *Livius* dó á sama ári sem *Ovidius* Skáld ɔ: 21 efter **Christi** Fæding.

9.) *Josephus* og *Berosus* segia einkanlega frá þeirri **Asiriſku** Einvalldsstiórn, sem og *Manethon* og *Metasthenes*, it. sá lærde *Ctesias Gnidius*, hver sinna tíma Historiu i **Persia** hefur skrifad i 23 bókum á Griska túngu, hann lifdi i tíd *Cyri* hins yngra, hier um Anno M. 3564, var ein merkilegur Læknir, og komst því í mikid geingi hiá **Persa** Kóngum.

10.) *Plutarchus* sem lifdi hierum 100 árum efter **Christi** Fæding, hefur á Grisku samannskrifad Æfisogur hinna nafnfrægustu Hreistimanna og Hofdíngia, sem lifad hafa medal Rómveria og Grickia, hier um 50 ad tolu, allt til þeß **Jerusalem** var nidurbrotenn; marger fleiri Griſker Sagnameistarar finnast citerader, so sem *Hecataeus* frá **Mileto**, *Hellanicus* frá **Mytilene**, *Theopompus* frá Einnne **Chio**, Lærisveirn *Isocratis*, og *Ephorus* frá **Cumis** ꝛc.

11.) *Arrianus* sem lifdi hierum Anno Christi 140 hefur ritad á Grisku, enn Q. *Curtius* á Látínu, um hernad, afreksverk og afgang *Alexanders* Mikla. *Justinus Appianus* og *Strabo*, sem lifdi á dogum *Tiberii* Keisara, *Athenaeus* og *Svidas*, hafa aller samannsett sinna tídasogur, enn þó er þad athugandi, ad af margra ádurtiedra Meistara Sogum hofum vier eckert ad segia nema nafnid, med því þær eru all margar under lok lidnar, og eru nú hvergi ad fá.

12.) Þær **Romverſku** Sogur hafa sierdeilis skrifad *Dionysius* frá **Halicarnassis** borg, í tíd *Augusti* Keisara, *Polybius*, *M. Cato*; *Salustius* og marger fleiri: *Julius Caesar* hefur ritad sína eigenn, enn um *Aug.* Keisara hefur *Appianus* merkilega útfært. *Vellejus Paterculus* hefur skrifad Agrip af **Romveria** sogum, allt til *Tiberii* Keisara 16 ríkisstiórnar árs. *Cornelius Tacitus* var Herhofdínge i þeim Fronsku Nidurlondum

under

undir *Adriano* Keisara, og hefur samannskrifad Keisara Sogur allt til Annum Christi 72; *Svetonius* var honum samtida og var Keisarans Secretarius, hann hefur efter sig láted Lifssogur 12. hinna firstu Keisara i Rom. *Ælius Spartianus* og *Julius Capitolinus*, seigia frá *Adriano, Antonino Pio*, og *Philosopho*.

13.) *Dion Cassius* hefur efter sig lótid miklar sogur, sem ná allt fram til Annum Christi 231. á hveriu ári hann var Borgmeistari i Rom, undir Keisara *Alexandro Severo*, af þeim Ritum, er hinn mesti partur undir lok lidenn. *Herodianus* gefur oss eitt ágrip af nockrum Keisarasogum til Annum Christi 241. Hier fyrirutan eru; *Trebellius Pollio* biriar sin skrif Anno Christi 256. *Flavius Vopiscus* endar sin Anno 288. *Eutropius* endar sin Rómversku sagna ágrip med davda *Joviniani* Keisara Anno 368. *Ammianus Marcellinus* Grisfur ad fine, var med *Juliano* Keisara i hans Herforum, og hefur skrifad margra Romaborgar Keisarasogur allt til Ao. 392.

14.) *Procopius* Cantzeler og Hershofdinge *Justiniani* Keisara, hefur samannteked Historiur frá Anno Christi 412 til 550, um þavg stríd er nefndur Keisari og hanns Hershofdinge *Belisarius* hádi vid Persa, Gotha og Vandalos; á sama tíma skrifade *Jornandes*, um Herfarir og Rikis uppbirian þeirra gomlu Gotha, þeirra Kongatal og Kinkvísler.

15.) *Johannes Zonaras* hefur ritad Annála, frá *Augusti* Keisara tímum og til Annum Christi 1117. efter hann hafa skrifad *Nicetas* og *Nicephorus Gregoras*, allt til Annum 1338. *Johannes Xiphilinus* Miklagards Biskup skrifar sínar sogur allt fram til Annum Christi 108; þessara allra Fræddibækur hlióda mest um Miklagards Keisarana, einn efter annann og þeirra Hernad og Rikisstiórn; sá Armeniske Múkur *Haithon*, hefur efter skipun Páfa *Clementis V.* skrifad um biriun Tyrkianna og Tartaranna Rikis i Asia, sem skedi hierum Anno Christi 1051.

16.) Tyrkianna Rikisstiórnar Upphaf og framgang, frá þoi *Ottomannus*

mannus Orthogulis son hinn firsti med því nafni tók Kóngdóm hiá Tyrkium, Anno Christi 1300, og til þess *Mahomet II.* inntók **Miklagard** 1463 hefur *Laonicus Chalcondylas* Grískur ad ætt i frásogur fært, og oss efterláted.

17.) *Eginbardus* er hinn firsti sem ritad hefur Sogu *Caroli Magni* **Fracka** Keisara, efter hann *Abbas Urspergensis Conradus* og *Regino Prumiensis*, samt *Luitprandus*, Sogur hanns efterkomara Keisarana, allt til daga *Ottonis I* Þýskalands Keisara edr Annum Christi 963. Múkarner *Vittekindus*, *Lambert*, *Sigbert*, hafa skrifad margar Þýskra Keisara frásogur, og enn el. *Otto* Biskup i **Frisingen**, eina ypirid. fródliga Historiu, frá upphafe Heimsens, til Annum Christi 1150. i 7 Bókum: um þá tíma hefur *Helmoldus* ritad frá þeim i **Venden** og **Saxlande**, *Saxo Gramaticus* um **Dane** og **Svia**; *Albertus Argentinensis* og *Johannes Aventinus*, enn nú um Keisarana i **Þiskalandi**, sem og *Johannes Cuspinianus*, *Paulus Jovius* og *Johannes Nauclerus*; *Albert Crantzius* um **Svia**, **Gavta** og **Nordmenn**, enn *Johannes Sleidanus* um *Lutherum* og Reformation Trúarbragdanna, þesser Sagnameistarar ná fram yfer Annum Christi 1500.

18.) Þær **Fronsku** Kóngasogur hafa helst samsett *Gregorius* Biskup frá **Turin**; Biskup *Addon*, *Paulus Æmylius* frá **Verona**, *Philippus Comminæus* Franskur Edalmadur, *Galleatus Capella*, *Frossardus*, *Thuanus* og marger adrir.

19.) Þeir sem villa finna sier þær **Spensku Historiur**, skulu hellst lesa af þeim gomlu Franciskum *Tarapha*; þá **Ungarisku** Kóngatolu hefur samanteked *Antonius Bonfinius*. Þá **Engelsku** *Beda* og *Polydorus Virgilius*, *Camden* og fleiri; Þá **Skotsku** Chronicu hefur ritad *Hector Bœtius* og *Buchananus Scotus*; Þá **Svensku**, *Johannes Magni* og *Crantzius*. *Onuphrius Panivinius*, er annars einn hinn merkilegasti Historiu skrifari sem vier til hofum, og ómissandi ad lesa þeim er fródleik vilia nema.

❀ ❀ ❀

20.) Kirkiu Historiuna hafa sier i lægi ritad efter Postulaña daga, *Epiphanius* Biskup i Salamina, *Josephus Egesippus*, sem af Júda vard Christinn, lifdi á dogum *Adriani* Keisara, og skrifar um Jerusalems eidileggíng; *Eusebius* skrifar sína Chronicu allt fram til Annum Christi 325. hann var Biskup i Cæsarea, á Gidíngalandi; Biskuparner *Socrates* og *Theodoretus*, samt *Sozomenes* frá Salamina, taka þar vid sem *Eusebius* hætter, og ná allt til Annum Christi 444. *Evagrius* hefur skrifad Kirkin-Chronicu til ársens 595, þar tekur *Nicephorus* vid, allt til Anum 925; *Platina* Secretarius Páfanua i Rom, hefur ritad Lifssögur þeirra, ad tolu 151. frá Petri Postula til *Sixtum IV.* sem lifdi Anno 1472. *Metropolis Crantzii*, *Speculum Vincentii*, *Chronicon Bergomatis*, *Paulus Orosius*, *Chronicon Carionis*, *Historia Gothana*, og miog marger fleiri og nýrri Sagnameistarar finnaz til upplýsíngar þessu Chronologiska Agripi, sem eg framar læt bída ad upptelia.

a.) Eg hefe mest efterfilgt þeim máta sem D. CHYTHRÆUS i sinẽ Chronologia þriktri i Rostock 1573 hefur brúkad og úr þeirri somu hier mikid innfært. b.) JOH. CLUVERI Historias Totius Mundi hefi eg eirnig sierdeilis hagnýtt mier til þessa Verks, og þar merkt hefe ad hún gengur eirn medal veg i ártalinu, filgie eg henne i þvi þar sem hefe getad vidkomed. c.) Professor og Dr. CHRISTIANS MATHIÆ Theatrum Historicum, hefe eg i morgu brúkad mier til leidarvísers, og úr því eitt og annad innfært i þetta Compendium; tveimur framanskrifadra samhlioda vitnisburdum um ártal Christi Fædingar læt eg mier helst giedfellt ad filgia, med því og ad hiver flester setia þad milli Annum M. 3760 og 70. d.) Þessa þriá mína Origineler, hefe eg borid samann, vid þad tímatal sem er aftann vid þeirrar Engelsku Universel History 21. Tomum, sem og *Frejers* Einleitung zur Universal-Historie, og B. HOLB. Hist. Universalem. e.) Þeirra Þýdsku Keisara Chronologia, er ad nockruleiti riett efter þeirri toblu sem er framann til vid *Voltaires* Annales, de l'empyre'. f.) Þad Danska ártal er útlesed af Baron HOLB. Danmerkur Rikis Histo

❧ ❧ ❧

Historiu og HYBNERS Politisku Historiu 3ia Tomo. g.) Peira Svensku Konga ártal, er samhlioda peirri toblu, sem *Johannes Loccenius* hefur bak vid sína **Svensku Historiu.** h.) Pad Norska Tída Registur, er útskrifad úr *Jonæ Rami* **Noregs Konga Historiu**, og i.) Pad Islendska úr einum og odrum Sogum, Annálum og gomlum Fræbibókum. Pær Notas sem híngad og pangad eru innsettar, hefe eg útskrifad úr ýmsum Sagnabókum til Fródleiks.

Ecki er pví ad mótmæla ad hier er i pessu litla Agripi, ótal margt og merkilegt undanfellt, af pví sem sked hefur, enn pó er ómissandi ad vita, eg hafdi ei helldur ásetníng til, ad samanskrifa á Islendsku eitt fullkomid Systema Chronologicum, helldur eitt lited Agrip, hvert med pví annad pess slags hefur ei fyr útkomid á vort túngumál eg vil alúdliga bidia mína háttvirdande Landsmenn i gódri meiníng ad medtaka, til hinns eru hier i Landi eingenn duganlig Subsidia, edur tækifæri, so eg viti. Pá Auctores sem miner Originaler citera hefe ég bona fide anfært á Margine út undann hveriu árstali; sem og þina er eg hefi under hondum haft, og giegnumlesed, uppá pad hver eirn sem giegnumles petta Agrip, gieti strax uppslett og eftersied, frá sogu peirra hluta, sem ártalid ávísar; framandi glósur hefi eg med kostgiæfni hiedann burtrímt, enn pó ei bunded mig vid Archaismos edur nýsmídada gamal dags Islendsku; eg hefe, lofi Gud, i sinne ad bæta vid Continuation til vorra tíma, sem first, enn nú strax gat pad ei sked, sokum vissra ordsaka. Óska eg so petta litla Verk mætti verda mínum elskul. Landsmonnum til lærdóms eflíngar og æskiligra nota.

Viliandi ætid finnast

allra Rettsinadra Fodurlandsens Elskenda

Felle í Stranda Sýslu
d. 1. Jan. 1781.

Pienustuskylldugur Þienari
H. JACOBSSON.

PERIODUS I.

Periodus I.

Frꜳ Heimsens Sköpun, til Utgavngu Israels barna af Egiptalande; Innehalldande *MMCCCCLIII.* Ar.

Anno Mundi §. 1. Auctores.

1. Skapade Gud Himen og Javrd, og alla hlute Genesis C. 1.
it. Einglana, og sijdast Mannenn Adam.
15. Fæddist Cain Adams firsti sonur.
30. Abel fæddist; Cain myrdti hann, 70 ꜳrum seirna. Gen: 4.
130. Seth þridie son Adams fæddist, lifdi 912 ꜳr, andadist Josephus antiqvitate Judaicæ.
14 ꜳrum ꜳdur Nóhe fæddist.
987. Var Enoh lifandi uppnumenn 57 ꜳrum efter andlꜳt Chythræus
Adams: þꜳ lifdu enn nw aller hiner Patriarcharner. Gen: 7.
1056. Fæddist Nohe, og lifdi 950 ꜳr, allt til þeß 58 alldurs Augustinus
ꜳrs Abrahams; og hefur hann lifad samtijda ollum For- de Civit. Dei.
fedrunum frꜳ andlꜳti Seths.
1558. Sem Noha son fæddist, hann lifdi samtijdis Abraham, Chythræus.
allann hans Alldur; samtijdez Isaac 110 ꜳr med Jacob
50 ꜳr; og andadist 35 ꜳrum efter Abraham. Augustinus.
1656. Nóhe biggdi Aurkina efter Guds befalning G. 7.
Andadist Mathusalem, hinn elldsti madur i heime, 969
ꜳra gamall. Chythræus.
Nóhe gieck i Avrkina med sijnu Hiske.
Rigndi i 40. daga, frꜳ þeim 27. Junii. Cluverus.

Ao. M. Auctores.

Cluverus i sinne Historia Mundi seiger útþrickelega, ad Flódsens Regn hafi biriast þann 17. Aprilis; Chytræ: Cron: setur þann 17: Maii, enn eg trúi best þeirri Dønsku Bibliu er nefner þann 27. Junii.

1657. Nóhæ giek wr Aurkinne med sijnu Folke. Gen. 8.
Feste hann bwstad sinn i Armenia, og Assyria, um hin firstu Hundrad aar, efter flooded, aa medan Folked fiolgadi aftur. Strabo.

1723. Fæddist Heber, af hvorium Hebreskir hafa sitt nafn, lifdi hann lengst af aullum forfedrunum efter floodid, nefnl. 464 aar, samtijda Isaac 140 aar, og Jacob 80 aar; Andadist 30 aarum efter dauda Sems. Chyt:

§. 2.

1757. Meina lærder menn ad forfaderenn Nóhe hafe stiftad þad Chinesiska Rijke, i Avsturaalfunne. Enn hans afkomendur tooku ad biggia turninn Babel. Gen: 11. Strabo lib: 5

1787. Nimrod son Chus Chamssonar rekur Assur wt fraa Babilon, bigger hana pridelega upp, og stiftar þad Babiloniska Rijke. Enn Assur sem ad var sonur Sems Nóasonar, stiftar þaa Assyrisku stioornan, og biggde Ninive. Zónaras l. T: 1. Josephus Christiani MatthiæThe atrum Hist:

Sagnameisturunum ber furduliga á milli, um Uppḣaf þess Assyriska Rikes, enn aller vita ad þad endadiz med Cyarare 1. afa Cyri Persa Kóngs; Marger af þeim skrifa þad hafe staded 1360 ár. Herodotus reiknar einasta 500 ár; Welleius 1070. ár, og seger Lutherus þad Assyriska Rike hafe biriast Anno Mundi 1788; hønum filger Buchholz Cronol: p: 3. item Dresserus; Berosus setier þess upphaf 1787. Elias Reusn: in Cronol: 1789. Calvisius 1718 Cronol: p: 5. it. Helvicus Diod: Siculus; it. August. de Civ: dei. 1717 Evseb: skrifar ad Assur hafe sidan nefndur verid Bel, enn Ninus son hans hafe sullbigt Ninive. Tvo Kóngs setur voru þá i þessu Rike, nefnelega þad eina i Babilon, sem Nimrod bigde, enn annad i Ninive. Nockrir Zenophon.

Ao. M. Auctores.

rir ſkrifa ad Bel hafe verid ſon Nimrods, og Reha; adrer ad hann hafi verid bróder Aſſur, og hinn ſame er nefniſt Arpharad; Cedrenus ſkrifar ad Nimrod hafe rikt i 56 ár, og ſídan hafi turnenn Babel, i einu ſtormvedri hrapad yfer hann. Enn Beroſus ſegir lib. 4. ad Guderner hafe Nimrod burtnumed; under hans Rikisſtiórn biriadez dyrdkun Ellds ſólar túngls ꝛc. Seth. II. Seth. 9.

1908. Deide Bel, annar Koongur i Aſſyria, rijkti 55 aar, enn ri hann þaa efter ſon er Ninus hiet, ſem vard Koongur i hanns ſtad. Þeſſi Ninus hiellt margar oruſtur, og wtvijkade þad Aſſyriſka Rijke allt inn til Lybiam, hann hafdi i ſijnum Herbwdum 1700000 Fotgaungulids og 200000 Riddara, og 10000 vopnada Vagna. Calvis I. Juſtinus Diodorus Oroſius.

1948. Fæddiſt Abraham i Stadnum Orchoe edur Ur i Lande Chaldea. Gen. II.

Hier er ſtór miſmunur á Arstalenu hiá Sөguſkrifurunum vorum, því marger af þeim ſetia Abrahams fæding 60 árum ſeirna nefnel: til Annum 2008 edur 9. meinaſt ſá miſmunur ordſakeſt þar af, ad Ritningarennar ord ſýnaſt nockud óliós, Gen: Cap: II. þar ſem hún talar um alldur Thara, þá hann gat Abraham, og ordſakar ſo þeſſi tijmatals ágreiningur milli þeirra, hier um 60 ára ſiſelldann mun, allt fram yfer Herleidingartíma Israels. Eg filgi hier

Clur: Hiſt: Totus Mundi ed:	1668.	og mөrgum fleirum; ek þina ſem bædi eru færri og ei vel ſamhlióda heſi eg geingid fyrir bí.
Chriſt: Matt: Theat: Hiſt:	1689.	
Chythr: Chronol.	1573.	
Bibliunne þriktri	1747.	

2023. Reiſti Abraham fraa Ur i Chaldea, aa ſijns alldurs 75 aari, feck hann þaa kollun Guds, og fyrirheit um Meſſiam. Gen. 12.

2030. Abraham yfervinnur þaa fioora Konwnga, og frelſar Loth. Gen. 14.

Þeſſir fiórir Kóngar voru ſkattgillder þeim Aſſyriſka Kónge Nino ýngra, og tóku nú ad heria á Chams afkomend- Joſephus.

 ur

Ao. M. Auctores.

ur, luckaðest það vel i firstunne, því þeir inntóku Arabiam, og avll Landsvláz kríngum Jordan; enn topudu allri siñe lucku Cluverus. og si re, þá Abraham med fáum monnum, fyrir Guðs kraft, yfirvann þá. Nockrir skrifa ad Amraphel, hafe vered siálfur Nimros sem tó 2041.

2034. Fæddist Ismael af Ambattenne Agar, Gen: 16.
2047. Var Umskurnenn stiftud af Gude. Gen: 17. C.
Eidelagdi Gud Borgernar Sodoma og Gomora. 19.
2048. Fæddist Isaac. C: 21.

§. 3

2063. Abraham fær befaliyng ad fornfæra Isaac a Fiallenu Gen: 22.
Moria.

A þessu Fialli Moria, var af Salomon Kónge 870 árum sídar Jerusalems Mustere uppbiggt í 7 ár. A því sama var og í því gamla testamenti sierdeilis offrad af forfedrunum. So offrudu og bædi Júdanna og Heidingianna afgudadyrkendur, í þessu plátzi, fyrir Diefulsins innblástur til Saturnum, sem á Assyriisku er Bel, enn á Ebresku Moloch, sinum bornum, og hafa hier onnur Mannblót sem sídann hafa útbreidst um heimenn sinn uppruna, vóru þeir Phoenicii og í Tyro hiner firstu sem biriudu þ ng. Diodorus Siculus Lib. 20.

2088. Giftist Isaac Rebeccu, hann var þa 40 ára ad alldri. Gen. 24.
2108. Fæddist Esau og Jacob.
2123. Andadest forfaderenn Abraham. Gen. 25.
2171. Deidi Ismael.
2185. Flijde Jacob 77 ára ad alldri, i Mesopotamiam, frá Gen. 28.
Esau og var þar i 20 ár.
2192. Giftest Jacob Rakel og Lea. Gen. 29.
2205. For Jacob burt frá Laban. Deide Rakel. Glimdi Gen. 31. 32.
Jacob. Dina var kreinkt af Sichem. Fañ Jacob
fødur siñ i Hebron og var þar honum samtijda i 23 ár.
2208. Var mikill siafargangur edur flood i Gricklande, i Tijd Augustinus.
Ogygis Koongs i Attica.

A þessum tímum sem Jacobs syner tóku ad fiolga ór og Evsebius. so merkilega tala ymsra Afguda i Gricklandi sem vóru Jovis

born,

Ao. M. — Auctores.

børn, Apollo, Mars, Vulcanus, Liber, Minerva, Venus, og mᵃrger fleire, og því straffadi Gud þá með einu Vatnsflóde. — P. Oros: Cluv:

2216. Var Joseph selldur af brædrum sijnum, 17 vetra gamall. — Gen. 37.

2226. Var Joseph lætenn i fængelse, ad rædum Konu Potiphars. — 39.

2238. Jacob ferdast i Ægiptaland, med avllu sijnu Foolke ad tavlu 70 manns. — Gen. 46.

Pad má forundrunarverdt álítast, hversu fliótt Israels fólk fiølgadi i Ægiptalande, nefnel. á 225 árum allt til 600000 manns, fyrirutann børn, og þad midt i þrældóminum sem Ægiptarner løgdu á þá.

2255. Andadist forfaderen Jacob. — Gen. 49.

Um þessa tijma lifde sa merkilegi þolennmodi Job. — Joseph.

2309. Andadist Joseph, og hier um 60 ærum seirna i tijd Ramesis Koongs, biriadest þrældoomur Israels. — Gen. 50.

2373. Fæddur Móises, og fundenn af Koongsdootturenne Meride, og uppfostradur i þeirri Ægiptsku Koongshøll. — Ex. 2.

I tíd Chenephris Ægiptalands Kóngs, frirsagdi eirn spásagnare, ad af þessu framandi fólki mundi fædast eirn madur, sem mickla og margfallda ólucku leiddi yfer Ægiptaland, ef hann lifdi, þaraf ottadist Kóngurenn og befaladi ad deida øll sveinbørnenn. Sagnameistarana greiner eirnig á um þad, hverier um þessa tíma vorú þar Kóngar, því sú Ægiptska Cronologia er mier olióß, allt fram á daga Persakónga. Þær Grisku søgur eru og um þessa tíma, fullar af fabulum og skálldadictum. — Eusebius. Joseph. l. 2. Diod. Sic. l. 40. Orosius. Tacitus.

2453. Israels foolk giek wt af Ægiptalande. Utgefid Løgmæled. bigd Sættmæalsorkenn. Var Cecrops Koongur i Athenuborg, og stiftadi þar þad Atheniska Rijke. Rikti Ascades ætiande Einvallds Koongur i Chaldæa, a hanns 13. Rijkisstioornar æri fundu menn first Vijntrie i Grichlandi. — Exodi b. Cap. 12. Berosus. The. Matt.

Periodus II.

Fra Utgavngu Israels Foolks af Ægiptalande, og til Herleidijngarennar enda, edur *Cyri* Rijkis 21sta. ars. Innehelldur CMLX. Ar.

Ao. M. §. 4. Auctores.

2493. Andadist Moises. Gieck Jósua yfer Jordan. Deu. 34.
Stood Soolenn kyr, og var þad athugad i China. Jos. 1. &c.

2496. Kom eitt miked Vatnsflood i Gricklande, sem var kiendt vid Deucalion, Koong i Fessalia, hvor þo asamt morgu Folki afkomst, og flijde uppa Fialled Parnassum; þad ordsakadest af Skridum, Jardskialftum og Regnum. Apollonius.

2512. Othniel brooder Calebs firsti Doomari i Israel efter Jósua i 40 ar.

Marger lærder menn meina ad Dómararner hafi ei oller rikt i Israel i Rød hver efter annann, med þvi þad kiemst illa heim vid artalid, helldur nockrer undereins og yfer vissum Ættqvisslum.

2525. Hier setur sw Danska Biblia ad Jósua hafi dæid 32 arum efter Moisen.

2554. Cadmus kiemur til Grichlands, fra Phœnicia, innfærer þa Grisku bookstafe, og bigger borgena Thebas. Herodotus. Diodorus.

Hier ber sagnameisturunum á um artaled, so munar um 80 a 100 ár. Vide Cluv. Chytræus.

2673. Var Ilium upbigt af Tros, og kallad Troia. Plinius.

2772. Biriudu Trojumanna bardagar og vorudu i 10 ar. Herodotus.

2860. Savl firsti Koongur i Israel; hier fer Bibliann 10 arum sliootara enn minn Auctor.

Ao. M. Auctores.

2898. David tok Jerusalem fra Jebusitum og stiftar þar Koongs setur. 2. Reg. 5.

2933. Salomon biggdi a 7 arum Jerusalems musteri, 1037 arum firir Christi hijngadburd; hier ser Bibliann 10 arum seirna. 3. Reg. 6.

2970. Israels og Juda Rijki adgreinast.
Róbóam Koongur i Juda enn Jeroboam i Israel.

3076. Dido Syster Pygmalionis Koongs i Phænicia bigde borgena Chartaginem. Augustinus.

Efter þad Pygmalion drap mann hennar, sier til Fiár,
flídi hún til þeirrar Eiar Cyprum, og þadann til Africam, Joseph. l. 1.
reisti hún þar þad pláz er hún bigdi Chartaginem á. Flester Cluverus.
Sagnaskrifarar setia þad 370 árum efter Trojuborgar nidur- Strabo.
brot, i tíd Jóas Israels Kóngs, hvar af auglióst er, ad Vir- Jul. Solin-
gilius skálld diktar ósatt. um Æneam og Didonem, þvi hún us C. 40.
hefur ecki sædd verid lengu efter daga Æneæ. Þeirra Olym- Justinus.
pisku Leika biriun og Reiknsngar bevísa þetta eirnig, sem ei
hefiast fyr enn 405 árum efter Trojuborgar Eideleggjng, 25
árum ádur Rómaborg var bigd.

3119. I Tijd Ascrasapis Koongs i Assyria, var Jonas spamadur sendur af Gudi ad predika i Ninive. Theat. Matt. Eusebius.

Sumer seiga þad hafi verid í tíd Sardanapali., Adrer Calvis.
under Phul Belocho, sem yfervann hann. Chythræus.

3140. Lifdu i Gricklandi þaug nafnfrægu skalld Hesiodus og Homerus. Chyth.

3151. Phul Belochus tok Koongdoom i Assyria, um hann er talad i 2. Kooganabookar 15. Cap: v: 19.

3168. Biriast spadoomar og predikaner Esaiæ spamanns, og vorudu i 90 ar. Chythræus.

3188. Biriudust þeir Olimpisku Leiker i Grichlande. Diod. Sic.

Þessir Olympisku Leiker sem Gricher hafa skordad sitt ár Vellejus 1.
tal vid; voru fornhaber af Iphito Elio, enn Pelops og Her- Pausanias l.
cules höfdu ádur upfunded þá, til ad ydka Ungdóminn, i þvi 5.
ad sikta, skióta, hlaupa, stöckva, glíma, þeir sem báru af ödrum Strabo l. 8

feingu

Ao. M.		Auctores.
	feingu lavrberia krans á høfuded, nockrer fetia ártal þeffara Leika 12 árum firre. 4 ár innehelldur hvør Olympias.	Diod.
3199.	Thiglat Pilefer vard Koongur i Assyria. Hanns er giet(d 2 Koongannab. 16. hann var sa firsti sem herledde Jsrael, Nephtalins kinqvijsl.	4. Reg. 15. v. 29.
	§. 5.	
3212.	Romulus bigger Romaborg, efter hann rikti Numas Pompilius, sem firstur skifti arenu i 12 mænadi.	Liv. l. 1.
	Rómaborg var bigd 758 árum firir Christi Fæding 430 árum efter Trojuborgar Eidileggingu.	
3231.	Salmanassar fon Thiglat Pilesers inntekur og uppbrenner Samariam; flitur þær 10 Ættqiisler fangnar til Assyriam, og asamt þeim Tobiam og hanns foolk. Enn Salmanasser fette þangad aftur adrar Þiooder, er fijdar voru nefndar Samverskar.	4. Reg. 18. Tob. 1.
	Pad ártal sem hier er sett i þeirri Dønsku Bibliu um hernad Salmanassars i Samaria víkur frá øllum Auctoribus sem eg hefe, hann er reiknadur i henni til Annum 2260.	
3238.	Senacheribs Her var drepinn af GUDs Engli 185000 manns a eirni noottu.	Esaiæ 36.
	Eſechias siwkur; Soolinn gieck tilbaka. 2. K. b. 20.	
	Josephus feiger þetta fólk hafe dáed af Pest.	
3251.	Asarhaddon vard Koongur efter Senacherib Fodur siñ enn Merodach af Babilon yfervann hann, og famteingdi þad Assyriska Rijke vid þad Babiloniska, og sat i Babilon, enn ei i Ninive.	Sleid: l. 1. De 4. Monarchiis.
3264.	Dejoces Koongur i Meden, uppbigger Ecbatana	Chythræus.
	Um þennann tiima var Manasses Koongur herleiddur og fluttur fangenn til Babilon af Ben Merodach Koonge.	Reinecius. Aventinus.
3293.	Pausanias biggde Byzantium, sem nw heiter Costantinopel.	Cluverus.
3347.	Nabochodonozor annar med þvi nafni vard Koongur i Babilon.	Josephus.
3354.	Joakim Koongur i Juda, var fluttur fangen til Babilon, og	2. Reg. C. 23. 24.

Ao. M. | Auctores.

og do þar, it. var þaa hertekenn Daniel, og þeir 3. Sveinar. Enn 3 maanudum seirna var Jechonias son hanns burtfluttur, aasamt Ezechiel spaamanne, og reiknast hier Upphaf þeirrar Babiloniſku Herleidijngar. Jerim.C.24.

3365. Zedechias seinasti Koongur i Jerusalem, fluttur fangenn til Babilon, mustered og stadurenn uppbrendt, og nidurbroted. Þaa lifdu þeir aagiætu spaamenn, Jeremias, Ezechiel, Daniel og adrer. Jer. 24. 29. Ej. 24.

It. þeir 7 vijsu menn i Gricklande:
Thales fraa Mileto.
Bias fraa Priene.
Pittacus fraa Mitylene.
Cleobulus fraa Lynda.
Chilon fraa Lacedemon.
Penander fraa Chorintho.
Solon fraa Athenis.

3370. Nabochodonozor aat Gras med Villudyrum, i 7 aar, enn son hanns Evil Merodak stioornadi i Rijkenu um þann tijma. Dresserus. Chythræus.

§. 6.

3390. Andadist Nabochodonozor, Evil Merodak son hanns Koongur i 2 aar. Theat.Matt.

3400. Um þessa tijma rijkti Crœsus Koongur i Lydia. Herodotus.

3420. Balthazar son Evil Merodaks Koongur i Babylon. Chythræus.

3433. Darius af Meden odru nafne Cyaxares annar, meinast hafa verid Moodurbroodur Cyri Koongs af Persia, yfervinnur aasamt Cyro, Balthazar Koong i Babylon, og kollkastar þeirri Assyrisku Einvalldsstioorn, sem varad hafdi fraa Nimrod allt þaangad til, meir enn i 1600 aar. Hann vard Koongur i Babylon 2 aar, og liet sijdann Rijked Cyro efter aasamt med doottur sinne. Es. 13.

Babylon var þannveg biggd ad hún var halldenn óyfervinnanleg, Balthazar hafdi og láted safna þangad vistum, sem duga skilldu í 20 ár; lá Cyrus um borgena leinge forgiefens, þar til hann liet veita fliótenu Evphrates, sem rann igiegnum Xenophon.

 stadenn

Ao. M. Auctores.

stadenn, ad nockrakeiti burt úr sínum farveg, so fólk hanns gat vaded under múrenn um nóttena, þegar Borgarmenn uggdu ecki ad sier, Gadates og Gobryas drápu þá Balthazar Dan. 5.
Kóng, i hefnd firir þad Kóngurenn hafdi láted drepa son annars þeirra ádur, enn annann hafdi hann láted giellda.

Periodus III.

Frá Heimkomu Israels Barna wr Herleidijngunne, til Davda *Darii Condomanni*, Innehalldande *CCIII.* Ar.

Ao. M. | Auctores.

3434. M 21sta. Ari Cyri Persiska, enn firsta hanns Babyloniska Rijkes, gefur hann Gydijngum heimfararleife, wr herleidijngunne, og leifer ad biggia upp Musterid; hann liet og afhenda þeim þavg H: Kier, sem tekenn høfdu verid wr Musterenu. Hier vijk eg frá þeirri Donsku Bib. p. 572. og filgir Sagnaskrifurunum. — Chythræus. Esr. 1. C. 1. 2. Theatb.

3442. Darius Histaspis Koongur i Persia, deilde Rijkenu i 20 Þioodlønd.

3444. Cambyses sem Koongur vard efter Cyrum, i Persia, hindrar biggijngu Musteresens. — Josephus.

3456. Borgmeistarar wtvallder i Room, Brutus, Junius og Collatinus; Tarqvinius Koongur Dramblaate var wtrekenn, hann var þar seinasti Koongur, þá Room hafdi staded 244. ár. A þessu ári var þad sijdara Mustere fullbigt. — Chythræus. Liv:

3478. Xerxes kom til Rijkes i Persia efter Darium. — Chythræus.

3484. Xerxes Herfør til Grichlands; i hanns Her voru 3317920. manneskiur, fyrerutann fioofolkid. — Herodotus.

3499. Artaxerxes Longimannus vard Koongur i Persia. — Chythræus.

3505. Esdras Kiennimadur var sendur af Artaxerxes, til Jerusalem; og lagfærdi hann þar Rijkisstioorn Gydijnga yfer þad land høfdu efter davda Zorobabels, sem var sonarson Joachims Koongs, verid adskilianlleger Landsherrar, setter af Persa Koongum. — Josephus. Esdr. 7. Esdr. 7.

3518. Var Nehemias sendur til Jerusalem. — Nehemiæ 2.

Ao. M. Auctores.

Hier eru Historiuskrifararnir ei vel samhlióda, bædi um þad, hver af Persa Kóngum hafe verid madur Ester Drottníngar. Ecki helldur um tímann edur árstalid; og ei um Rikisstiórnar tímaleingd Artaxerxis Longimanni. Þó Josephus meini Xerxes hafi verid Asverus madur Ester, þá bevísar þó Christ: Matt: i sínu Theatro Historico p: 226 ad Artaxerxes Longim. hafi þad verid. Cluverus i sinne Historia Mundi fer hier 9 a 10 árum fliótara, enn hiner, hvorium eg hellur filge í árstalenu, því þeir eru miklu fleiri. Cluverus.

§. 7.

3519. Roomveriar sendu til Athenuborgar, efter Løgbook Solonis, og innleiddu hanns Løg i Room. Cluverus. Livius.
Esdras Prestur og Nehemias Skeinkiari, stifta þad stoora Raad, og Samkundu i Jerusalem. Jos.
3537. Fæddist i Grichlandi sa nafnfrægi Spekijngur Plato.
3541. Biriadist eitt bloodugt strijd i Grichlande, millum þeirra mektugu borga, Athenas og Lacædemon, þad varadi i 27 aar, med landsins stærsta skada. Thucidi l. 1. 2. 3.
3543. Darius Nothus vard Koongur i Persia, efter fødur sin. Chythræus.
3561. Artaxerxes Memnon Persa Koongur.
Jonathan vard ypparsti Prestur hia Gidijngum. Chyth:
3576. Roomaborg inntekenn af Frockum. Livius.
3581. Aristoteles fæddur. Chyth.
3605. Rijkti Artaxerxes Ochus i Persia, hann var grimmur Tyranne, liet ræna Mustere Gidijnga og lagdi a þa stoora Skatta. Sebellicus.
Vard Philippus Fader Alexandri Magni Koongur yfer Macedonia. Chyth.
3607. Alexander Magnus fæddist þann 7. Junii. Chyth.

Um Alexander Mikla sicst talad i H: Ritníngu hiá Dan. Cap. 7. v. 6. Cap. 8. v. 5. &c. Jerem. 49. v. 19. Cap. 50 v. 44. Adrer skrifa hann fæddann þann 6. Aug.

3620. Aristoteles biriadi ad kienna Alexandro. Plutarcus.
3628. Alexander Magnus Koongur i Macedonia, 20 aara ad alldri. Justinus.

Dre-

Drepinn Ochus æ Eitri af Bagoa og Arses sonur Diodorus.
hanns 3 ærum þarefter. Tertullianus
Beda.
3629. Alexander heriar inn i Asiam. Darius Condomannus Curtius.
Fodurbrooder Ochi var þar ordinn Kongur. Plutarchus.
3634. Alexander yfervinnur alla Asiam; Darius Codoman-Diodorus.
nus drepinn af sijnum monnum, hvar med þad Justinus.
Persiska Einvallds Rijke hafde Enda, æ 6ta æri
Rijkisstioornar Alexandri.



Periodus IV.

Frá Uppbirjun Rijkis *Alexandri Magni* i Persia til þeß *Augustus* took Einvallds Rijke i Room. Sem reiknast frá Davda *Antonii CCCIII.* Ar.

Ao. M. §. 8. Auctores.

3637. Alexander yfervinnur Taxilem, Porum, og mørg lønd i Avsturœlfunne, snijr aftur sijdann. Curt: Plutarchus.

3640. Andadist Alexander M: i Borgenne Babylon, efter ad hann hafdi rikt i 12 ar, og 8 mœnude. Chythræus. Arrianus.

Philippus Aridæus Broodir Alexandri samfedra vard Koongur i Macedonia. Diodorus.

Ptolomæus Lagi hershøfdijnge i Egiptalande. Just:

Antigonus i litlu Asia. Plut:

Seleucus Nicanor i Syria. Appian:

Pithon i Medien, Eumenes i Paphlagonia.

Caßander i Caria, Meleager i Lydia. Diod:

Leonnatus i Phrygia, Lysimachus i Tracia.

Pannúnn sundurdeildist nú strax aftur þad stóra Einvallds Rike, sem Alexander M: hafdi uppreist, og útskistist milli hans Hershøfdingia, sem á fáum árum drápu nidur alla hans ættmenn, og sídann fiellu í mørg og blódug stríd, milli sín innbirdes, þar til Rómveriar inntóku avll þessi lønd. Diod: Just: Dion: C. Josephus.

Borgmeistarinn Pavlus Æmilius tók inn Macedoniam, og fángadi Kóng Perseum, Anno 3805. Augustus tók Egiptaland, og fángade Cleopatram, 3942. Scipio Asiaticus tók Asiam frá Antiocho M:, Pompeius Syriam, &c. Liv: Just: Vell: Liv.

3644. Liet Olimpias mooder Alexandri M: drepa Aridæum broder

Ao. M.		Auctores.
	broder hanns, enn Casśander drap Drottnijngina Roxane og Herculem son Alexandri.	
3680.	Ptolomæus Philadelphus Koongur i Ægiptalandi. Um þessa tijma voru yppurstu Prestar i Jerusalem Jaddus, sem taladi þar vid Alexander M: Onias hanns son, þaa Simon Justi, og efter hann Eleazar, Oniæ son.	Polybius. Cluverus.
3696.	A sextaanda aari Koongs Pt. Philadelphi, voru wtvaldder 6 lærder menn, af hvorri Ættqvijsl Israels, efter osk og beidni Koongsens, til ad wtleggia Bibliuna aa Grisku, af Ebresku, og er sw wtleggijng enn nw i miklu gilldi.	Josephus L: 12. Cedrenus.
	Hier er enn nú ágreiníngur, um̃ ártalid hiá Sagnameisturunum, því jafnvel þó sumer af þeim skrife, ad Bibliuverkid hafi afgiørst á 72 døgum, þá er liklegra þad hafi varad nockur ár, enn samt kiemst ei sá mismunur ártalsens heim.	Josephus. Cedrenus. Chythræus. Evsebius.
3708.	Roomveriar voru nw tekner ad mektast, høfdu innteked Valland, og gripu vijdara um sig, first færdu þeir strijd moot þeim i Phænicia, borgenne Charthagine, og i Sikiley.	Gellius. Orosius L. 4. Diodorus.
3732.	Samannskrifadi Jesus Syrach sijnar Kiennijngar.	Florus L. 1.
3753.	Hannibal og Chartaginers foolk, biriudu i annad sinn strijd vid Roomveria.	Livius.
3797.	Antiochus ræner Jerusalem, og for fram̃ miked tyrannalega, med Morde, Manndraapum og hernadi mooti Gidijngum, sem settu sig upp i mooti hanns Afgudadyrkun og Tyrannaskap. Mathatias stiftar þaa Maccabæisku stioornan.	Josephus L. 12. Diodorus L. 34. Macc: L. 1. 2.
3798.	Júdas vard Hershøfdijnge Jwda, og efter hañs fraafall	
3803.	Jonathan brooder hanns.	Macc. L. 1. 2.
	§. 9	
3822.	Biriadist þad þridia strijd mille Roomveria og Chartaginis. Simon Maccabæus vard þaa Hershøfdijngie Gidijnga i 8 aar.	Livius. 1. Macc: C. 84.
3828.	Þær nafnfrægu Borger Chorintus i Gricklande, og Chartago i Africa, voru af Romverium nidurbrotnar, og i Gruñ	Cluverus.

Ao. M.		Auctores.
i Grunn Eidelagdar. Chyt. Cronol. setur þad 10 Aarum firri.
3830.	Johannes Hyrcanus son Simonar vard Høfdijnge Gidijnga um̃ 31. aar.	Josephus. M: 16.
Um̃ þessa tíma tóku ad hefiast hiá Júdum þeir flockar Pharisæi, Saducæi, Essæi.	Jos.
3860.	Aristobulus sonur Hircani Koongur i Jerusalem hiñ firsti efter Herleidijnguna, þvij nw voru Judar fallner fraa Kooginum af Syria.	Jos: Strabo:
Efter hann kom bróder hanns Johannes Alexander ქred efter.	Cluv.
3865.	Fæddist Julius Cæsar, i Room 12. Julii.	Chyth.
3871.	Marius yfervinnur first þaa Ambros og Teutones, sem voru fallner inni Italiam, og siidann þaa Cimbros.	Evtropius. Plutarchus.
3884.	Deide Marius.
3889.	Deidi Johannes Judakoongur, enn hanns Drottnijng Alexandra stioornadi Rijkenu efter hann, og hafde saa Pharisæiske flockur under hennar vallde mest ad segia.	Jos. L. 13. Cluv.
3896.	Aristobulus son Alexandri Koongur i Judæa, og Hyrcanus brooder hanns ædste Prestur. A þessum tijmum voru stoor strijd og bloods wthellijngar i þvij Roomverska Rijke.	Joseph: Livius Ep. Just. Florus
Þavg sierligustu stríd sem Rómveriar hádu voru mót Jugurtha, og Catilina. Mithridate i Ponto. og sídañ milli siálfra Rómaeria Høfdingia. Marium, Cinam, Syllam. Q: Sertorium. Grachum. samt i Hispania, og Siciley Jtm þavg sem Julius Cæsar. M. Crassus og Pompeius M. hádu móti ymsum Þiódum.	Just. L. 40 Florus L. 2. Plut. Evtrop.
3900.	A þessum aarum heriade Pompeius M: Roomaborgar Høfdijnge i Austuraalfunne, og inntok þar morg Rijke.	Joseph. Diod.
Cnieus Pompeius yfervann og sigradi Mithridatem Kóng i Ponto. Tigranem i Armenia, Syriam, Ciliciam, Judæam, Mediam, Colchos, Arabiam, og útbreiddi þad Rómverska velldi	Appianus in Mit. L Holb. Diod.

til

Ao. M. Auctores.

til Ægyptalands. Undann hønum meinast Odinn og Æsir Svetonius.
vasa flúed, komid híngad á Nordurlønd og biggt þavg. Torfæus.

§. 10.

3910 Pompeius inntook Jerusalem. Július Cæs.
Biriudust Herferder Júlii Cæsaris i Fracklandi. Appianus.
3914. Strijdde hann moot Arioristo Piskalands Koonge, sijd-ann droo hann yfer Rijn; þar efter i Belgium, edur Holland, og Nidurlondenn, og endeliga yfer Sioovenn til Einglands; og varadi þessi Hernadur i nockur aar. Svetonius. Július Cæs. Diodorus L. 39.
3917. Licinius Crassus rænir wr Jerusalems Musteri 10000. Talent, med ødru fleira, og var strax a efter drepenn af þeim Parthis. Josephus. Orosius. Florus.

Til ad teikna hanns ágirnd, smelltu þeir Gull og helltu ofann í hann davdann.

3922. Endadist Hernadur Júlii C: i Fracklandi, og Piskalandi. Svet.
3923. Biriadist þad mikla Borgara strijd, milli Crieum Pompeium og Júlium Cæsarem i Room. Júl. C.

So leingi Júlia Dótter Cæsaris sem var Pompeio gift lifdi, vóru þeir góder Viner Mágaruer, enn epter andlát hennar tók þeirra vinskapur ad spillast. Pompeius misþeinkti Makt og Ríkdóm Cæsaris, er hønum tilfiell efter þavg Frønsku og Piskn Stríd, sem varad høfdu í 9 ár, Július Cæsar uggandi firer makt Pompei í Róm, hvar hann so vel sem i nálægum løndum rieði eirn avllu, gat ei þolad tign hanns. So ordsøk þessa stríds var Drambsemi og Ærugirnd þ sſara beggia Høfdíngia. Cæsar ferdadist strax til Róm, enn Pompeius á samt mørgum af Rádherrunum flíde til Grichlands. Július Cæsar bravt þá upp þad Rómverska skatta-geimsluhús, og tók þar út 4135 pund Gulls, og nærri 900000 pund Silfurs, lagdi sídann under sig Sikeley, Sardiniam, Spaniam, og ferdadist sídann efter Pompeio til Grichlands, inn i Thessaliam. Florus. Svetonius. Cæsar. Orosius Lib. 6. Dionysius. Epit. Livius. Luc. L. 2. Cicero ad Att. Lib: 7. Livius Ep't. Cæsar L. 2. b. c.

3924. Július C. yfervinnur Pompeium vid Pharsalum, þar fiellu 15000 enn 24000 voru tekner til fanga af Plutarchus in Pom.

 foolki

foolki Pompei, enn hann sialfur flijde til Egiptalands.

Pompeius flidi med Konu sinne Cornelia, og Sexto syni Dionysius.
synum i Egiptaland, til Ptolomæum Kóngs, hvers fødur Au- Plutarchus.
letæ hann ádur hafdi hiálpad. Þar, var hann drepinn svik- Appianus.
samlega af þessa Kóngs villdarmønnum, Achilla og Septimio,
enn Július Cæsar hefndi hanns aftur, hvar af þad Alexandrinska Stríd biriadist.

3929. Július C. lætur endurbæta þad ærliga Rijm og Tijmatal. Jos.
3929. Július C. var drepenn æ Rædhwsenu i Room, og særdur til Davda, 23 særum, af Bruto, Cassio og fleirum. Dion. Chythræus. Appian.
3930. Octavius hefndi Júlii C. Ømmu broodur sijns, æ Bruto og Cassio samt fleirum hanns banamønnum. Jos. L. 14.
3935. Herodes Ascalonita son Antipaters, af Idumæa var af Antonio og Augusto giørdur Koongur i Jerusalem eftir Antigonum, sem var hinn sijdasti af ætt, Machabæanna og Gidijnga kine. Jos. L. 14. Antiq.

Þanninn fullkomnadist Spádómur forfødursins Jacob, sem Genesis 49.
skedi 1680 árum ádur.

Þessi Herodes var ein grimmur Tyranne, liet hañ drepa
nidur allar, þær gømlu Kónga og Høfdingia Ætter, hiá Júd- Josephus.
um samt Mariamne sina Drottning, Módur hennar, Brædur
og alla Ætt.

Periodus

Periodus V.

Fra þvij *Augustus* yfervann *Antonium* og *Cleopatram* i Egiptalande, til þeß *Constantinus Mikle* took Rijke, reiknaz CCCXXXIIX. Ar.

Ao. M. §. II. Auctores.

3943. Octavius Cæsar Augustus, yfervann Antonium og þa Egiptsku Drottnijng Cleopatram vid Actium, og giørdi enda a þvij Egiptska Rijke, og vard sijdan Einvalldsherra yfer Rooma-Rijki, og hiñ firsti Keisari. Plut. Dion.

3955. Fæddist Jungfrw Maria, hennar forelldrar hietu Eliakim og Anna. Niceph.

3962. M. Messala og P. Sulp. Qvirinus urdu Borgmeistarar i Room, og meinast sa Qvirinus hin sami sem nefnist Cyrenius, hia Luc. 2. v. 2. Chyth. Tacitus.

3969. Var Gabriel Eingill sendur til Zachariam Prests, ad seigia honum frir fædijng Johannis Baptistæ, þañ 24. Septembr. manudar, og sijdann. Luc. 1.

3970. Þann 25. Martii aftur til Jungfrw Mariu, ad tilkinna JESU GUDs Sonar gietnad. Johannes fæddist. Joseph fær aviissan um Mario og hennar getnad i svefni. Luc. 1. Matt. 1.

3970. Þann 27. Decembr. Fæddur JESUS CHRISTUS GUDs og Mariu Sonur, sannur Messias. Þa hafdi Augustus Keisari, biriad sijns Rijkis 42 stioornar ar, sijdann Julius C. davda. Þa þognudu oll Heidenn Godasvavr, Augustus Keisari, liet biggia Alltari þeim frumgetna GUDs. Hann liet og sla eina Silfurminnt med þessum bookstofum *Augustus* divi F: og odrumeigen Keisarans mynd sitiande, hvorri eirn annar framriettet eitt Reifabarn. Þetta skiede efter Luc: 2. Golzius. Cicero. Nicephorus. Adolp. Occo in Numis. pag: 41.

 Fædijng

Ao. M.			Auctores.
	Fædíng Abrahams	2022.	
	Isaacs	1922.	
	Mosis	1598.	
	Davids	1111.	
3970.	Herodes Ascalonita liet drepa þær 72 Avlldwnga í Jerusalem.		Philo.

" Þessi Messias og Qvinnunnar Sædi " var firerheited

í Paradís. A: M:	1.	Genesis 3.
		G. 12.
Astur var þad heited Abraham þrisvar nefneliga		G. 18.
Isaac var því heited A. M.	2129.	G. 22.
Jacob var því lofad	2185.	G. 26.
		G. 28.
hann spádi um þad	2225.	G. 49.
Af Davids sædi var því lofad	2902.	2. Sam. 7.
Af Mariu Meiu	3180.	Es. 7.

Med því þad er alldeilis ómøguligt ad fá uppgløggvad eitt vist ártal JESU GUDS SONAR Fædíngar, sem sýnt er í Formálanum, vil eg þó setia hier til enn meiri Fróódleiks og eftertekta Lesaranum, nockur ártøl Christi. Reiknar þá

J. Scaliger og Calvisius	3949.
Verners Geographia	3950.
David Chythræus	3962.
M: Lutherus	3963.
Petavius	3966.
Helvaderus	3967.
Theat. M: Cluverus og miøg marger fleiri	3970.
Edvalds Registur.	4000.
Usserius og Comp. Chronol. Dan. med fleirum.	4004.
Vignoles	4156.
Kohlreiffer	4509.

Þad er ei ásetníngur minn ad álikta neitt víst um í þessu skrise hverier af Sagnameisturunum riettast ritad hafe um ártal Christi, því þar um mætti skrifast ein heil bók, og menn

Año Christi. Auctores.

vera í óvissu. Eg sie ad hinn hálærdi D. Biskup Hersleb Vide D. N.
helldur þad sked af GUDs alvísa Ráde firer vissar ordsaker ad Herslebs
mønnum er slikt ei framar opeunberad. Pad er skillda mín Prædikaner
ad giøra Lesaranum grein firer, hvers vegna eg hefe reiknad þad Pagin. 543.
til Annum 3970. og er þar nú talad í Formálanum. Editio 2.

1. Var Christur Guds Sonur umskorinn. Luc. 2.
Komu Vitrijngarner wr Austurælfu. Mat: 2.
Þavg Joseph og Maria flija i Egiptaland.
Herodes Ascalonita liet myrda Sveinbornenn til Bethlehem.

Nockrer lærder menn hafa skrifad tavlu þessara barna, og
reiknad þav 144000. hvad þeir vilia bevísa af Apocalyp. 14. v. 3. Josephus.

2. Deide sa vondi Tyranni Herodes Ascalonita, 70 æra
ad alldri, hann madkadi til davda i sundur. Jos:

3. Komu til Rijkes i Judæa Herodes Antipas, og brædur
hanns Archealavs og Philippus, deilldi Augustus Josephus L.
landenu milli þeirra, i Fioordwngs høfdijngia dæmi. 18.
Komu þavg Joseph og Maria fra Egiptaladi, med
Barnid JESUM og biuggi i Nazareth. M: 2.

11. Augustus Keisari rak Archelaum i wtlegd til Fracklands.

12. JESUS kiendi i Musterenu.

16. Cæsar Octavius Augustus Keisari andadist i borgenne Chythr.
Nola, i Vallande þann 19. Augusti Mænadar, 76. Cluv.
æra ad alldri, æ sinnar Rijkesstioornar 57. æri. Evseb.

Af þeim loflega Herra feck Mánudurenn Augustus sitt
Nafn. Tac.

Tiberius Claudius, Augusti Stiwpson og Doottur Svet.
madur vard Keisari i Room.

21. Doou þeir miklu froodleksmenn, T. Livius, Ovidius, og Horatius nockru seirna.

§. 12.

28. Var Pontius Pilatus af Tiberio Keisara settur yfer Josephus.
Gidijnga til Landsdoomara.

29. Hoof Johannes Baptista sijnar Niatestamentis Predikaner, og biriadi ad skijra. Mat. 3.

 30. Mar. 1.

Ao. Chr. Auctores.

30. Vár CHRISTUS skijrdur af Johanne Baptista. Luc. 3.
Herodes Antipas liet setia Johannem Baptista i Fangelse. Mat. 4.
32. Johannes Baptista halshoggvenn, efter ad hann hafdi seted i Fangelse eitt ar og 3. mánadi. Mat. 14. Marc: 6.
33. A ætianda ári Tiberii Keisara þann 24. Martii, innsetti IESUS GUDs Sonur Kvolldmáltijdena og hiellt Gidijnganna Paaska. Mat: 26. Chythræus.
25. Var hann Kroßfestur og pijndur. ꝛc.
5. Maii stie GUDs Sonur upp til Himna. Luc. 24.
15. sama mánadar kom H: Andi yfer Postulana, þañ sama dag sem Moisis Logmaal var wtgiefed a Sinai Fialli 1542 árum ádur. Act. 2. C. 3. 4. 5. 7. Evsebius.
Petur Postuli sneri 5000 manns, Læknar halltann. Hieronimus.
Stephanus grijttur.
34. Pavll Postule kalladur af Gude. Act. 7.
35. Herodes Agrippa hinn elldri vard Koongur i Judæa. Jos.
38. Deide Tiberius Keisare. Pilatus var sendur til Room, af þvi hann var klagadur firer morg og mikil skamarverk.
A þvi ári fæddist Nero.
Cajus Caligula vard Keisari. Hann rak Herodem Antipam i wtlegd, var annars ein grimmur Tyranni rikti 3 ár 9 mánude og var so drepenn. Josephus. Hieron. Dion.
40. Herodes Antipas og Herodias rekiñ i wtlegd til Fracklands.
Pilatus drap sig a Sverdi.
42. Claudius Tiberius Drusus Keisari i Room, rijkti 13. ár 8. mánadi 20 daga, deide 13. Octobr. Dion. Cluverus.
44. Herodes Agrippa liet lijflaata Jacob Postula og kasta Petre i Fangelse, hvadann Guds Eingill frelsadi hañ. Act. 12.
Andadist Jungfrw Maria Mooder CHristi 59. ára gomul, þann 15. Aug. Cluv.

Evseb: skrifar ad Jungfrú M: hafe dáed Anno 48.

45. Herodes Agrippa liet hallda kostuliga veitslu, og gledi i hverri hanns undermenn veittu honum gudliganu heidur, enn hann vard strax siwkur, herfelega, vall modkum, og lifde 5. daga; Rijkti 7 ár. Herodes Koongur af Josepħ. Lib. 19. Act. 12.

Chalcis

Ao. Chr. Auctores.

Chalcis kom i hanns stad i 5: ar, og efter hañ Agrippa yngri.

48. Var halldenn sw firsta Geistlig samkoma af Postulunum til Jerusalem.

51. Claudius Keisari giftist Agrippina mooder Neronis, sinne brooðurdootter, og var hwn hanns 6. kona. Tac.

54. Fæddist i Room eitt Svijn, er hafde Klær sem Orn. Tac.

55. Agrippina liet drepa Claudium Keisara, a eitrudum Ætisvepp, sem Keisarinn bordadi giarnan. Dion. Tac. Añ:
Domitius Nero vard 6. Keisari i Room.

59. Paull Postuli skrifar sijna pisla fra Room. til Galatas. Epheseos, til Thimot. annann Philippenses. Colossenses, Philemonem. adur hafdi han skrifad fra Epheso til Roomveria og Corintios hinn firra. neml. Anno 55 og fra Phillippis annann til Corinthios. Chythr.

63. Jacob Postuli Alphæi, grijttur og kvalinn til dauds, af Anania Hofudpresti. Hieron. Evseb.

65. Biriadist sw firsta offokn moot Christnum monnum, ordsokenn til þeß var sw, ad Nero Keisari feck eitt sinn list til ad sia hverninn Troiæ eideleggijng tilgieck, liet þvi setia elld a stadenn Room, so varadi bæled 6. daga og 7. nætur. Þetta kiendi hann Christnum monnum, og offokti þa med hrædiligum pislum þar fyrir i 4. ar, voru þa Postularnir Petur og Pavll aflifader i Room, a Neronis sijdasta are. Tac. Añ. Svet. Jos. Lib. 20. Evseb: Tert.

68. Biriadist firer alvoru strijded mooti Gidijngum, og sendi Nero, Vespatianum til ad setia nidur þeirra Upphlavp, og straffa þa. Jos.

69. Nero Keisari stack sig i hel med sverdi. Xiphil.

Þær dæmalavsu ódáder sem Sagnameistararner hafa uppteiknad um þennann Tyranna, eru óheiriligar. hinar sterligustu Svet. Tac.

1.) Að hann liet drepa Agrippínam Módur sína. Domitiam Fødur Systur sína, Britannicum Bródur sinn. Crispinum Stiúpson sinn. Octaviam Konu sína, og Syster, Poppæam Konu sína spreingdi hann ólietta med hælnum, i mórde Claudii Keisara Dion. in Ner.

Ao. Chr. Auctores.

sara var hann medvitari Módur sinnar. Senecam og Burrhum sina Skólameistara og ótal fiollda af ødru Fólke saklausu, drap hann, sumt med Eitri og sumt med ødru móte.

2.) Hann drigdi Blódskøm med Móder sinne og Syster, samt hórdóma Sódómam og Savrlise med mørgum ødrum bædi Konum og Kollum. Tac.

3.) Hann fór med Galldra og Særingar, tók Mútur og útselldi Embætti. Dion.

4.) Hann uppvakti hina grimmustu offókn móte Christnum mønnum, hveria hann liet yfersmiria med Tioru, Vari, Oliu, og liet þá so loga lifandi; af þeim brendi hann þannveg so mikenn fiollda, ad Læker af þeirra feiti er brádnadi af Likømunum rynnu um Gøturnar í Róm. Joseph.

§. 13.

70. Galba vard VII. Keisari i Room, i sio mánade. Tac.
Otto Salvius vard Keisari 4. mánadi. Svet.
Linus vard firsti Biskup i Room efter S. Petur. Dion.

71. Vitellius Aulus Keisari i Room i 8 mánadi, þeir Christnu fluttu sig wr Jerusalem sem þá var umsetenn og yfer Jordan, takandi sier þar boolfestu. Jos.
Vespasianus Flavius eirn milldur og goodur Herra vard Keisare i Room, umm 10. ár; enn Sonur hanns Titus vard aftur Hershofdijnge moot Judum. Dion. Joseph.

72. Þann 10. dag Augusti mánadar var Jerusalems Mustere uppbrent af Roomwerium, á þann sama dag mánadar var þad firer 660 árum þar firer, uppbrent af Nabogodonozor. Gullborded, Lioosastiakann og Logmáls Toblurnar, med ødrum bwnadi og Kierum flutte Titus til Room; borgenn var øll nidurbroten, og brend, herleiddar 90000, enn deiddar yfer 700000 manns, af Judum, og Prestarner aller drepner. Joseph. Egesippus. Evseb. Svetonius.

81. Titus son Vespasiani vard Keisari i Room, á þessum árum óx og wtbreiddist merkiliga Guds Ord og Christi Evangelium. Dionysius.

82.

Ao. Chr. Authorer.

82. Fiallid Vesuvius i Vallande, spioo elldi i hverium ad sat mikli frædi madur Plinius hinn elldri tijndist.

83. Flavius Domitius brooder Titi vard Keisari.
Þeir villumenn Ebion og Cerinthus biriudu ad kieña sijn villulærdoom nefnl. ad Christur hefdi ei nema lijkamlega nattwru, og ad menn yrdu Saaluholpner firer Logmaalsens Verk. Evseb. Iræn.

90. Var Johannes Gudspiallamadur sangadur, sendur til Room, þar var honum kastad i glooandi Oliukietil, og sem þad ei skadadi hann, var hann wtlægur gior til Eiarennar Patmum, hvar hann skrifadi sijna opennberan. Tert. Hieron. Orig.

96. Og biriadist nw sw onnur blooduga offookn mooti þeim Christnu, þa var Thimotheus, Onesimus, Dionisius, Areopagita deidder, it. Cletus og Anacletus Biskupar i Room. Hieron. Tert.

Johannes Gudspiallamadur ritadi sijna Openberan þá hann hafdi verid 5 ár i Eiunne Patmo, á þeim tímum lifdu marger lærder menn, so sem Cornelius, Tacitus, J. Solinus, Qvintilianus, Josephus, Juvenalis, Martialis. Evseb. Gellius.

98. Var Tyrannenn Flavius Domitianus drepenn.
Nerva Cocceius vard Keisari i Room, hann rijkti lofliga 1. aar 4. maanude 9. daga. Aurel. Victor.

Johannes Gudspiallamadur kom um þennann tíma aftur úr Eiunne Patmo, til Ephesum borgar, enn þá hann kom í borgena, var útborenn ein andvana gøfig Kona, er hiet Druslana, enn þá Postulenn mætti líkfilgdenne vakti hann Konuna upp firer Guds kraft; þar efter skrifadi hann sitt Gudspioll, móti Ebione og Cerintho villumønnum, sem neitudu Guddómi Christi. Dion. Niceph. Svidas. Hieron.

99. Marcus Ulpius Trajanus vard Keisari i Room, eirn froomur og goodur madur. Plin. Jun.

100. Deide Johannes Evangeliste, 91. aars gamall. Evs. Hieron.

105. Lifdu þeir merkilegu Sagnaskrifarar Plutarchus og Flo-

 rus

Ao. Chr. | Auctores.

rus og samsettu a þeim arum sijnar fræsogur. Sa sirri var Traiani Keisara Skoolameistari, þa lifdi og Plinius yngri Systur son Plinii nattwrusþekijngs. Chytr.

108. Biriadist sw þridia stoora offsookn mooti þeim Christnu, hwn ordsakadist firer Heidijngianna umtolur, og varadi i 6. ar, þar til Plinius yngri skrifadi Keisaranum til affsokunarbref, um þa Christnu, þa var deiddur Simon Cananæus Postuli, 120 ara gamall; Ignatius og marger adrir. Eges. Evseb. Orosius.

118. Ælius Hadrianus vard 15. Keisari i Room, 21. ar. Spartianus.

127. Svetonius skrifari Adriani Keisara, samannskrifar sijnar Sogur. Hann var eirn grimmur mootstodumadur Christinna manna.

130. Liet Keisarinn uppbiggia eina borg, er hann nefndi *Æliam* Capitolinam, þar sem Jerusalem hafdi staded, og Musteri Juppiters, þar sem Musterid, og þad allrahelgaste var adur. Hier firir giordu Judar Upphlavp mooti honum, þeirra Hertoge var Barcolchab, sem sagdiz vera Stiarna sw Balaam umspær i Num. 17. v. 17. Dion. Xiphil. Evseb.

I þvi stridi vöru drepner 50000. Júdar, og þeirra Hersshøfdíngie, enn þeim sídann sterkliga firerboded ad koma til Jerusalem, edur inn í stadenn, án þeß þeir giæfi þar til störrar Summur peninga. Hieronymus. Theat. Mat

139. Antonius Pius vard Keisari i Room. Chyr.

140. Thelesphorus Biskup i Room, innriette firstur sávng i Kirkiunum, hellst a Joolanoottena. Sigeber.

159. Egesippus Gidijngur snerist til Christum og skrifadi sijna Kirkiuhistoriu i 5. Bookum.

162. Andadist sa loflegi Keisari Antonius Pius, efter hañ kom Antonius Philosophus og Lucius Verus: Under þessum Keisurum skede sw fioorda offsookn moot Christnum monnum; þa var deiddur Polycarpus Lærisveirn, Johannis Postula, Justinus, Blandina, og fleiri. Evsebius. Iræn. Nicephorus.

181.

Ao. Chr. | Auctores.

181. Lucius Commodus sonur Antonini vard Keisari i Room. Ser. Aur.
191. Jwdanna Biblia sem kallast Thalmud, var samanskrifud. Soter Romaborgar Biskup, innsette Hioonavijgslur. Iren.

Um þessa tíma sendi Lucius Englands Kóngur til Róm, og begierdi Kiennemenn, ad christna landid. Beda.

194. Helvius Pertinax Keisari, ei fulla 3 moanadi; Siidann Didius Júlianus i 2 moanudi, hann var eirn rijkur Edalmadur, hann keifti firer peningja Keisaradœmid, og var siidann drepinn, efter 2 moanadi; Þoa vard Septimius Severus Keisari. Um þessa tiima lifdi Tertulianus fraa Charthagine. Herodian. Spartianus. Herodian. Dion.

§. 14.

200. Biriadist sw fimta offsookn mooti þeim Christnu. Tertull.
212. Antoninus Caracalla vard Keisari. Spart.
218. Opilius Macrinus drap Caracallam, og vard so Keisari, oasamt Diadumeno, i 14. moanadi. Herodian.
219. Heliogabalus vard Keisari i 3 oar. Lamprid.
223. Var hann drepinn i einu Rœadhwsi i Room, inni hvert hann hafdi flwid, og so vard Alexander Severus Keisari, um 13 oar. Herodian.
236. Július Maximinus Thrax Keisari i Room, hañ biriadi þoa siottu stooru offsookn moote Christenndoomenum. Capitoli.
238. Urdu þeir Gordianus, Pupienus og Balbinus, Keisarar i Room 1 oar. Herod.
239. Gordianus annar Roomaborgar Keisari. Capitol.
245. Philipp Arabiske Keisari i Room. Þessi liet sig skijra og var hinn firsti christenn Keisari, rijkti 5 oar. Sext. Aur.

Cassiod. skrifar ad þessi Keisari hafi rijkt 7. ár.

252. Biriadist under Decio Keisara sw siounda blooduga offsookn Christninnar, sem var mioggrijm. Þoa er skrifad ad þeir 7 sofendur hafe leigid i filsuum, allt fram oa daga Theodosii annars, yfer 200 oar. Aurel. V. Eusebius.

Under Decio Keisara hófust þeir firstu Múkar og Einsetumenn edur Eremitar, Paull frá Thebis var hiñ firsti af þeim.

254. Gallus Volusianus og Æmilianus Keisarar 1 oar. Zosimus.

Ao. Chr. | Auctores.

256. P. Licinius Valerianus Roomaborgar Keisari. Hañ biriadi þaa attundu stooru offokn moot Guds Christni og varadi hwn i 5 aar. Trebell. Poll.
Var Cyprianus Lærifader hæalshoggvenn.
261. Valerianus var faangadur af Sapora Persa Koonge, sem leinge brwkadi hann firir Footskør, og sijdañ liet flaa hann qvikann: Evseb.
Gallienus og Valerianus yngri Keisarar. Trebell. Poll.
271. Claudius Flavius vard Keisari i Room.
273. Valerius Aurelianus vard Keisari. Vopiscus.
275. Under þessum Keisara skiedi sw niwnda offokn, mooti Christendoominum. Evseb.

§. 15.

279. Tocitus Keisari i 6. maanudi. Aur. V.
281. Aurelius Probus vard Keisari um 6 aar, sijdann Aurelius Carus, og Carinus. Vopiscus F.
286. Valerius Diocletianus og Maximianus, urdu bæder Keisarar i Room; tooku þeir sier til medhiaalpara Constantinum Chlorum, dotturson Flavii Claudii og Maximiuum. Eutropius.
303. Biriadist sw tijunda offookn Christninnar, under Diocletiano, sem hafde aasett ad burtridia Christninne, og eida hana, enn þaa hann saa ad hann gat þad ei, sagdi hañ sig af med Keisaradæmed; Þessi offookn var miog stravng, og varadi i 10 aar, þar til Maximinus Keisari deidi. Sulp. S. Evseb. Zozim.
308. Constantinus Chlorus og Galerius Maximinus, Keisarar, þeirra medstioornendur vooru: Evseb.
Severus, Maximinus yngri, Aurelius, Maxentius og Valerius, Licinius. Eutrop.

Periodus

Auctores.

Periodus VI.

Frá Rijkisstioornar biriun *Constantini Magni*, til daga *Caroli Magni*, hinns firsta Keisara i Þijskalandi, Innehelldur CCCCLVIIII. Ar.

Ao. C.

314. Efter það Constantinus Magnus, son Chlori, hafdi yfirunned Maxentium, og adra sijna mootstödumenn, vard hann Einvallds Keisari yfer Roomarijke, Moodir hanns hiet Helena, dootter Celi Koongs i Einglandi, ein vel christenn og gudhrædd Princessa; Þá liet Keisarinn befala þá christnu trw, yfer allt Rijked, brioota Hof, enn biggia upp Kirkiur, samt tilleggia þeim Frelse og inntekter. Eusebius. Nicephorus. Ruffinus. Theodoretus.

Helena Drottning fieck vitrun i svefni, ad reisa til Jórsala, og yferlita það pláts. Hún liet þá i gardenum Gethsemane uppbiggia eina kostuliga Capellu, yfer Gröf Jungfrú Mariu, sem þar skal vera, it. liet hún til Bethlehem biggia i þeim stad er Christus fæddist, eitt kostulegt Marmara Mustere, eñ aññad liet Keisarinn biggia yfer Christi Gröf. Euseb. Zozom. Socr. Sul. Sver.

315. Biriadi sá Villumadur Arius (eirn Avlldungur i Alexandria,) ad wtbreida sinn lærdoom, i hvorium hañ neitade Guddoome JESU CHRISTI. Socra.

316. Sá Keisarenn um midiann dag á Himnum eitt Kroßmark med Elldslit, og þar hiá þessi ord á Grisku **under þessu merki sigrar þw.** Chytr.

321. Constantinus M. liet firstur med einre Forordnijng uppbiooda, ad halldá Sunnudægenn helgann. Euseb.

325. Var af Keisaranum halldenn Biskupa samkoma i borgeñe Nicæa i Asia, þar var hondlad um Arii lærdoom, og Guddoom Christi. Sami Arii Villulærdoomur var Zozom. Socr.

Ao. C. Auctores.

Þar fordæmdur, og æ mooti honum samanntekenn siw Nicæniska trwarjatnijng, þarnæst vár höndlad um Athana. Paaskahalldeð, og æliktað að Paaskar i öllum Christ- Theod. endoomenum skilldu halldast næsta Sunnudag efter fullt twngl i þeim firsta mænadi, nefnel. Aprilis. Novati Socr. og Miletii villulærdoomur nefnel. að stoor Syndurum idem. ætti að neita aflausn, var fordæmdur. Endeliga var æ þessum Biskupa fundi öllum Geistligum tillæted að Soz. giftast. Ruff.

Þessi Biskupa fundur varadi i.3 ár, og nockud meir, þar komu samann 318 Biskupar, og ein stór fiollde añara lærdra manna, úr öllum löndum. Evseb. Theat. H:

327. Andadist Helena Drottnijng ættræð að alldri. Socr.

Skrifað er að þegar Helena Drottníng fór til Jórsala hafe hún funded það sama Kroßtrie sem vor Frelsari var pín. dur á. It. Naglana alltsamann sockið í Jörd, og að hún hafe fært það Keisaranum Syni sínum. Síðann er sagt að hann hafi látið setia þá Nagla í Beitsli og þann Hiálm er hann brúkadi í stríðum; hvar til hinn H: Ambrosius sþrist benda í sinne Líkrædu efter Theodosium Keisara og heimfærir þángað Spádóm Zach. Cap. 14. v. 20.

§. 16.

330. A þessum ærum liet Constantinus Keisari vegsamlega og Evseb. með mikilli prakt, prijda og uppbiggia borgena By- Oros. zantium, sem liggur við Stoolpasund, edur Hellespontum, og liet kalla hana *Constantinopel*; sette hann Zon. þar Keisara stool. Þesse borg var kölluð af vorum forumönnum Miklegardur. Evseb.

337. Liet Constantinus M. Keisare skijrast, og andadist sijðañ Eutrop. i Borgenne Nicomedia, þann 22. Maii 66. æra gam- Socr. all, æ sijns Rijkes 31 æri. Theat.

Arius Villumadur dó á þ sſu ári, með því móti að þá hann ferdadist til eins samfundar, hvar hann átti að medtakast eftur til semeiníngar Christena manna, fleck hann á veigenum Socr. Hist. Magd. C. 4.

yd-

Ao. C. Auctores.

ydraverk, velk þvi i eitt Rádhús, hvar hann skommu seirna fannst davdur af þeirri ordsøk, ad øll innyblinn runnu nidur um þarfagángenn.

340. Constantinus, Constantius og Constans, Syner Constantini M: urdu Keisarar. Eutrop.

343. Constantinus heriadi a broodur sinn, og var drepenn. Pomp.

350. Constans Keisari i helsleigenn, af Magnentio. Socr.

355. Took Constantius Julianum sier til Medstioornara, og gifte honum Systur sijna Helenam. idem.

361. Deide Constantius, enn Julianus vard Keisare. Marcell.

Þessi Keisari var bródurson Constantini M. hann var eirn vondur madur, kastadi trúnne og var þvi kalladur Gudníding̃ur, hann ætladi ad láta uppbiggia Jerusalems Mustere fyrer Júdana, enn þad tókst eckt, þvi Elldur kom upp úr Jørdene, og fortærdi biggingunni, adrer segia Reidarþrúmur. Socr. Theod. Ammian.

363. Júlianus Gudnijdijngur fiell i strijde, enn Jovianus eirn lofligur Herra vard Keisari. Eutrop. Oros.

Júlianus Keisari dró út i stríd móti þeim Persisku i þvi var hann skotinn med Spióti misg so til bana, enn er blóded rann úr sárinu liet hann blæda fullar bádar lúkur sínar, fleigdi sídann blódenu i loft upp og mællti: NU SIGRADIR ÞU GALILEARE, so kallade hann Christum af spotte. Oros. Socr.

364. Deidi hann, enn Valentinianus kom i hanns stad, med broodur sijnum Valente. Socr.

366. Brann upp Jerusalems Musteri sem Jwdar voru farner ad uppbiggia. So og lijka Godahofed i Delphis hverutveggia af loftelldi og hefur hverigt sijdann verid uppbiggt. Chyth. Theat. Chyth.

367. Kavs hann til Keisara Gratianum son sinn, efter sig. Suidas.

370. Ulphilas Biskup þeirra þiooda sem kolludust Gothi, upp fann þa Gothisku bookstafi, og wtlagdi þad nija Testament a þeirra maal. Oros.

374. Andadiz hinn H: Athanasius þa hann hafdi verid Biskup i Alexandria i 46 aar, og wtstood margar offookner Socr.

af

Ao. Chr. Auctores.

af þeim Arianisku firir Guds ords saker. Oros.

375. Andadist Valentinianus og

378. Valens Keisari brooder hanns, var brendur inne af Theod. þeim Gotis.

379. Gratianus og Valentinianus *II.* urdu Keisarar. Soz.

380. Tooku þeir Theodosium sier til medhialpara. Ammian.

383. Var Gratianus drepenn. Oros.

385. Var halldenn Biskupa fundur i Miklagarde af Theodosio Keisara, mooti þeim villumonnum sem nefnduſt Macedoniani. Þeir neitudu ad H: Andi væri sannur Gud, þar komu saman 150 Biskupar; þaa var bætt vid Symbolum Nicænum þessu Vier truum og á h. Anda; til enda. Theat. The.

392. Valentinianus var og af dogum rædenn.

A þessum timum lifdu þeir stóru Lærifedur, og Biskupar, Gregorius, Ambrosius, Basilius, Ulphilas, Hieronymus, Augustinus, og marger adrer, it. Johannes Chrysostomus. Zonar. Sulp. S.

395. Andadist Theodosius M. eirn hinn besti og merkiligasti Keisari, enn Syner hanns komu til Rijkis: Honorius vard Keisari yfer Nordur og Vesturlondum. Arcadius riedi yfer allri Austurælfunne. Onuph. Socr.

404. Lærifaderenn Joh. Chrysostomus Biskup i Miklagardi var rekinn i utlegd firer hanns ofdiarfar predikaner a mooti Keisarans Drottnijng Evdoxia. Evag. Socr.

408. Andadist Arcadius Keisari, enn son hanns Theodosius Annar kom til Rijkis. Zonar. T. 3

410. Alaricus Gotha Koongur inntook Roomaborg, og rænti hana, sijdann inntooku þesser Gothar Spaniam, og stiptudu þar eitt nytt Rijki. Oros.

Efter þad Alaricus hafdi rænt bædi Rómaborg og Italiam, deide hann, enn Ataulphus vard aftur Köngur, hann fór aftur til Róm og rænti þar, enn nú: sidann feck hann Placidiam Keisarans Systur til ekta. A þessum timum lifdu þeir Claudianus Skálld, Prudentius, Procopius, Orosius, Aurel. Victor. Sozomenes. Marcell. in Chron.

§. 17.

Año Christi. Auctores.

§. 17.

423. Andadist Honorius Keisari, og vard Valentinianus *III.* hanns Systur (: Placidiæ) son, aftur Keisare. Procop. bell. Van.

424. Sw Franska Koongastioorn biriast, firsti Koongur Pharamundus, efter hann Clodion, og so Merovæus. Amon. L. 1.

Affomendur þessara Kónga, ríktu í Fracklande, allt til daga Pippins, fødur Caroli Magni. Cluv.

425. Theodosius Keisari stiftadi Hæskoola i Miklagardi.

428. Burgundia land vid Rijn took vid Christni.

Nestorius Villumadur var Biskup í Miklagardi 3 ár hafi neitadi Gudtómi og Hollotekiu Christi med morgu fleiru hañs Lærdómur var fordæmdur á Biskupa fundenum í Epheso 431. Þar komu meir enn 200 Biskupar.

430. Palladius vard firsti Biskup i Scotlande. Beda.

446. Fundust þeir 7 sofendur skamt fra Epheso borg i einum hellir, hafdu þeir sofid i 195 aar. Cedr. Niceph.

449. Anglosaxar med sijnum Hershofdijngium Hengisto og Horsa upprettu eitt nijtt Rijki i Einglandi. Beda.

450. Deidi Theodosius Annar Keisari i Miklagarde. Marcianus kom i hanns stad. Theod.

451. Attilla Hwna Koongur heriadi ækafliga i Vallande, og annarstadar; A þvij æri hielldu Roomveriar vid hann eitt stoort slag, i hvoriu ad fiellu yfer 160000 manns æ bædar sijdur, og 90000 af þeim Fronsku. Jornandes. Theatrum Matt.

Sá nafnkuunige Kóngur Þidrik af Bern, sem þá fylgdi Rómverium med Kappum sinum, fiell i þeim bardaga

455. Deidi Valentinianus Þridie Keisari i Room. Maximinus vard Keisari i 77 daga, þæ drap Gensericus Koongur hann, og rænti Room i hefnd efter Valentinianum. Zonar. T. 3 Procop.

Christian Matthiæ skrifar, hañ hafi þá rænt i Róm, þ im Kierum og Gullbúnadi, sem Titus flutti þángad frá Jerusalem. Efter Maximinum vard Avitus 10 mánadi og 15 daga, efter hann var einginn Keisari i 10. mánudi. Cassiod. Sidon.

456. Borgen Venetia i Vallande first biggd.
457. Majorianus vard Keisari i 4 ar og 4 mánudi. Sig.
Þa var enn Keisara lavst i 3 mánudi og 12. daga. Sigon.
Andadist Marcianus Keisari i Miklagarde, Leo vard P. Diacon.
þar Keisari i hanns stad. Zon.
461. Severus vard Keisari i Room 3 ar og 10 mánadi; þa Cedr.
var enn eingenn Keisari 1 ar og 8 mánude. Cassiod.
Lifdi sa nafnfrægi Artus Koongur i Englandi. Onupher.
467. Anthemius Keisari 5 ar 3 mánude, þa Olibryus i 3 idem.
mánadi 23 daga, þa Keisara lavst 4 mánade, þa
Glyærius 1 ar 3 mánade 21 daga.
474. Július Nepos Keisari i Room 1 ar 2 mánadi 21 dag, Sidonius.
þa Orestes.
476. Augustulus sijdasti Keisari i Room; Odoacer Koongur Appollin.
i Vallandi, rak hann fra Rijke efter 11. mánadi. Onuph.
Hann setti sitt Koongs Adsetur i Ravenna borg, og Evagr.
rijkti i 14 ar.

Þá var lided frá því Július Cæsar yfervann Pompeium, Jornan.
og uppretti þad Rómverska Keisaradæmi 352 ár, enn sá tími Niceph.
sem vestur Keisaradæmid hafdi einga Keisara til Carolum M.
eru 324. ár 4. mánader.

478. Andadist Leo *I.* i Miklagardi, enn Leo Annar vard Kei- Cedren.
sari 1 ar, og med honum Zeno Isauricus i 17 ar. Zonar.

§. 18.

490. Theodoricus af Verona stiftar eitt nijtt Rijki i Vallande, Chyth.
og yfervann Odoacrum.
Hunnericus Koongur i Africa, filgdi fast þeim Aria- Cassiod.
niska Lærdoomi, og uppvakti grimma offsookn mooti þvij Cluv.
Riettchristna folki; Hann svnadi i sundur og vall mod-
kum til dauda.

Hvert þessi Kóngur er hinn sami, sem hier um talar Ano
451 er óvíst. enn ef so er, þá verdur annadhvert árstalid ad
vera óriett.

491. Anastasius Dicoros Keisari i Miklagarde i 27 ar, doo Zonar.
af Reidarslage. Cedr.

Skommu

Skømmu ádur enn hann tó, sá hann til sín koma i svefni ein ógurligann mann er hiellt á Bók, sá sagdi " Siá þú: " vegna þinna ravngu Trúarbragda, skal eg afmá 14 ár af " þínum Lífdøgum," hann fannst davdur í sængenne strax þar efter, 88 ára gamall.

518\. Justinus Thrax vard Keisari i 9 ar.

Johannes Rómaborgar Biskup, kórónadi þennann Keisara fírstann, því nú vóru þeir Biskupar farner ad taka sier nockur skonar mindugleika til, framar hinum ødrum. Evagrius. Theat.

527\. Justinianus vard Keisari i Constantinopel. Zonaras.

531\. Justinianus liet samanntaka i eitt, þavg Roomverſku Løg, kollud Corpus Juris *Justiniani*, it. Pandectas, Institutiones juris Civilis; og eñ nu morg fleiri. Valla. L. 4. Auson.

533\. Belisarius Keisarans Herhøfdijnge, yfervann Gilimer Koong þeirra Vandalorum, og Affricam aftur under Keisaradæmid. P. Diac. Procop.

541\. Hreinsunar Hætid Mariu iñsett af Justiniano Keisara. Sabell.

552\. Efter þad Hershøfdijngar Keisaranns Justiniani, Belisarius, og efter hann Narses, hofdu yferunned þa Gothisku Koonga, Theodatum, Vitigetem, Totilam, og Tejam, inntook Keisarinn Valland, og skattgillte þad. Blondus. P. Diac.

565\. Andadist Justinianus, Justinus Annar, kalladur Curopalates vard Keisari. P. Diac. Evagr.

567\. Sw Longobardiska Rijkesstioorn biriast i Vallande, þeirra firsti Koongur hiet Alboinus. Onuph.

Ordsøkenn hvar firer þeir Langbardar heriudu i Vallandi, var sú ad Drottníng Sophia, skrifadi Keisaranns Hershøfdíngia Narsete til; ad med því hann var ein Gielldíngur, skilldi hann koma og vefa og spinna med sínum Jómfrúm; hvar til hann svaradi, ad hann villdi vefa þánn vef, sem þún skilldi alldrei fá uppraked; kalladi hann sídann þá af Lumbardia, eina þióð komna hiedann af Nordurløndum, inn i Valland, P. Diac. Onuph. Chron. Fun.

 hvar

Ao. Chr. | Auctores.

hvar þeir firſt rákn ein grimmann og lángann hernad, og sídann innrettu þar eitt Kóngs Ríki, sem varadi fram á daga Caroli M: Þeir Rómverſku Biſkupar sem vier hierefter nefnum Páva, høfdu þá enn ei valld fengid í verſligum Málum. Keiſarinn sendi þá ein Erkihertuga til ad ſtiórna þeim parti Vallands sem Langbardar høfdu ei yferunned; sá firſti hiet Longinus hann sat í Ravenna; og varadi sú ſtiórn í 175 ár. Theat. Ch. Pomp. Læt.

574. Stiftad firſta Mwnklijſi, i Beveren i Þijſkalande. P. Diac.

576. Tiberius Keiſari i Miklagarde, ein froomur og godur madur, ſierdeilis moot Fatækum. Evagr.

578. Fæddiſt ſa nafnkiendi Falsſpaamadur Mahomet, i Borgenne Mecha i Arabia. Mooder hanns hiet Emena eñ Fader Abdalla, miøg fatæk og umkomulaus.

§. 19.

583. Mauritius vard Miklagards Keiſari. Evag.

585. Reiknaſt ad Haralldur Hildetavnn Dana Koongur ſie fæddur, vard Koongur 15 vetra.

604. Phocas eirn grimmur Tyranni vard Keiſari. Diac.

Beda ſkrifar ad þeir Angli sem nú høfdu ſtiórnad í Englandi í 150 ár, hafi um þeſſa tíma Chriſtnaſt; Keiſara Mauritium dreimdi Chriſtum á Kroſſennm, og ad hann ſegdi til ſín, Mauriti! hvert villtu lída ſtraff þinna afbrota, í þeſſu edur ødru líſe? hvar til Keiſarinn ſvaradi, og afbad annars heims ſtraff, framfallenn med audmykt; þá ſvarade Guds Sonur, ſo vil eg afhenda þig Phoca, ſo hann deide þig og þína Ættmenn, þeſſi Phocas, drap Drottnínguna, øll Keiſarans Børn, og Vine, hvar hann horfde á med þolenmædi, og ſeinaſt var hann ſiálfur høggvinn. Greg. L. 4. Ep. 32. Onuph. Dioc. Zonar.

606. Bonifacius *III.* Biſkup i Room, med þvij nafni, fiek af Phocas Miklagards Keiſara, þaa nafnboot ad heita Biſkupa Hofdijnge, yfer øllum Chriſtendoomenum, og var hann ſa firſte Paavi, i Room. Aimon. Sigeber. Marian. Scot.

Frá Lino sem vard Biſkup í Róm eftir S. Petur, til þeſſa tíma, reiknaſt þar verid hafa 55 Biſkupar. Chythr.

611.

Ao Chr. Auctores.

611. Heraclius vard Keisari i Room.

623. Mahomed flijdi fra Mecha. Þar biriast Tyrkianna artal, sem kallast HEGIRA. Mahomed skrifadi eina Book sem innehelldur Tyrkianna lærdoom er kallast ALCORAN. Hann inntook og yfervann sijdann med þeim Saracenis, sem tooku hanns trw, Mecham, Phæniciam, Syria, Ægyptum, Mesopotamiam.

Mahomed ásamt einum Múk sem hiet Sergius samannskrifadi Tyrkianna Løgbók og Bibliu sem kallast ALCORAN (þad þider Leidriettíng) so sem vildi hann leidrietta þad Gamla og Nÿa Testament í H. Rituíngu. Bókenn iñhelldur 72 Capitula, samannsett af Christinna, Gidínga og Heidíngia Trúarbrøgdum, og er hún í fullu gilldi hiá Tyrkium enn nú á vorum døgum.

Ad qvølldi þann 15. Júlii þegar Sól er í vestri biriast Tyrkianna ára Reikníngur. P. Diac.

632. Mahomed deide. Ildelphon.

Skrifad er ad Konur hanns hafi sviked hann á eitre. Cedr.
Saraceni sem komner vóru í gegnum þavg Caspiska Fiøll, iñ í Austurálfunna, samteingdu sig og giørdu fielag vid þá Mahometisku, og heriudu sídann ákafliga, inntóku Jerusalem, og Gidínga land, ásamt stórann part af Persia, og er þetta sú Þióð sem nú kallast Tyrkiar. P. Diac. Otto Fris. Gotf. Veterbien.

636. Saraceni inntooku Ægyptaland og strax þar efter Gidijngaland og Jerusalem.

641. Andadist Heraclius Keisari, vard þa aftur Constantinus Pridie 6 mannadi. Þa Heracleonas eñ nw 6 mannadi Zonar.

642. Constans *II.* Keisari i Miklagardi. Diac.
Eyeñ Cyprus iñtekeñ af Tyrkium, og nockru sijdar Rhodus. Theophi.

668. Saraceni heriudu i Affrica og herleiddu þar 80000 manns Cedr.

§. 20.

669. Constans Miklagards Keisari andadist. P. Varnef.
Inntooku Saraceni Sikeley.

Ao. C. | Auctores.

Á Ellefta ári Rikisstiórnar Constantis Annars, fiell mikel aska af himnum. Þar efter kom pest og mikill Manndaudi; í Constantinopel sást og vofa, sem gieck um í stadnum, og sló á allar húsdir; dóu eins marger menn í hveriu húse í borginne, sem høggenn heirdust mørg. Reg. Pru. Sigeber.

670. Constantinus *IV.* kalladur Pogonatus Keisari. Funcii Chr.

673. Saraceni umsœtu Constantinopel.

Einn Meistari Gallinicus ad nafne, fann þá upp ad giøra elld, sem logadi í Siónum, og med hønum uppbrendu þeir Christnu, mest allann flota Tyrkianna, so þeir máttu leggia frá. Cedr. Zonar.

687. Andadist Keisarinn Constantinus, Jústinianus *II.* hañs son Keisari.

696. Var Jústinianus affettur, enn Leontius took Keisaradœmid 3 ár, og sijdann Tiberius Absimarus 7 ár. Diac.

706. Kom Jústinus aftur til Keisaradœmisins. Zon.

712. Vard Philippicus Bardanes Keisari, um þessa tijma lifdi Beda, hinn nafnfrægi Sagnameistari i Einglandi, hann andadist 738. 73 ára gamall. Cluv. The. Ch.

714. Pad Gothiska Rijke i Spania var eidilagt af þeim Saracenis, sem þangad komu frá Affrica, og yferunnu Koong Rodericum. Diac. Rod. Tol. Varnef.

715. Artemius Anastasius Keisari i Miklagardi.

717. Theodosius *III.* Keisari 1 ár, og gieck sijdann i Claustur. Zon.

718. Leo *III.* Isaurus vard Keisari i Constantinopel, hañ átti langvarandi þrætur, bædi vid Páavann Gregorium, og adra Geistliga, sem moot Keisarans vilia predikudu lijknesskia tilbeidslur, hinna heilogu. Cedr. Diac.

735. Reiknast ad Haralldur Hildetønn hafi falled firir Sigurde Hring, i Brávalla bardaga.

738. Deidi sá nafnfrægi Beda Prestur i Einglandi.

741. Andadist Leo *III.* og vard hanns son Constantinus Copronymus aftur Keisari. Á þeim tijma var Páave i Room, Gregorius þridie, sem firstur bannfærdi Leonem Keisara, miog jook makt Páavanna, og framfilgdi fast lijknesskia dijrdkun. Sigeber. Gembl.

742.

Ao. Chr.		Auctores.
742.	Fæddur Carolus Magnús	
746.	Oveniuligt mirkur i marga daga, hvar ꜳ efterfilgde ein hrædilig pest i Constantinopel, og vijda annarstadar.	Cedr.
751.	Carolus Martellus Fursti af Burgundien, hafdi lꜳtid efter sig ein son sem hiet Pippinn, hann took ꜳ þessu ꜳri Koongdoom i Fracklandi.	Eginh. Polyd.
766.	Keisarin Constantinus Copronymus sendi Pippinn Frackakoonge eitt Organverk og er þad hid firsta sem brwkad hefur verid i Kirkium hier ꜳ Nordurløndum.	
	Páвar vóru nú ordnir miøg mektuger, og eignudu sier þær Borger og Stadi í Vøllande, sem ádur heirdu til Miklagards Keisurum.	Vasæus.
768.	Deidi Pippinn Koongur i Fracklande, enn Syner hanns Carolus og Carolomannus, skiftu milli sijn Rijkinu. Carolus sat ymist til Achen eda Vorms i Þyskalandi.	Cluv. Chyth.
	Þad hiálpadi ecki líted til Pávanna Rikdóms ad allt þad sem Pippinn Kóngur tók frá þeim Longobardis, og allar borger sem hann yfervann í Vallande, gaf hann í valld og eigendóm Rómaborgar Pávum.	Añal. Franc. Diac.
771.	Do Carolomannus Koongur i Fracklandi enn Carolus eignadist Rijked.	
772.	Adrianus vard Pꜳvi i Room.	Ced.
	Hann kalladi Carolum Magnum Frackakóng inn i Valland, og uppegndi hann móti þeim Longobardis.	Eginhar.

Auctores.

Periodus VII.

Frá uppbirtun Rijkis *Caroli Magni* allt til *Ottonis* Firsta innehelldur CLXIII. Ar.

Ao. C. §. 21.

773. Carolus Magnús yfervinnur Desiderium og giörir enda á þeirri Lumbardisku Koongastioorn i Vallande, hafdi þad Rijki stadid 206 ár. Aven. Ann. Fuld.

Um þennann tíma segia gamlar Frædibækur, ad Naddoddur Vikíngur hafi fúnded Island.

776. Leo hinn *VI.* Keisare i Miklagardi. Diac.
Stiftadi Carolus Magnús Biskups stool i Osnaborg; ádur hafdi hann stiftad Biskupa stoola til Salitzborg, Ratisbona, Frisijngen 2c. Zonar.

778. Alphonsus Koongur af Spania bad hiálpar af Carolo M. moot Saracenis, foor hann þvij med her yfer Alpes, inntook Pampelona, sijdann Navarra og Arragonien, enn er hann foor tilbaka, var hañ yferfallinn af þeim i Gasconia, sem giort hofdu samband vid Marcilium Saracena Koong, og misti Keisarinn þá i Runtzeval kiarnann af sijnu besta foolki, og margt af þeim fransta Adle, samt sinn Systurson Rollant. Eginh. Añal. Fuld. Adelm.

780. Deidi Leo Miklagards Keisari, son hanns Constantinus ásamt moodur sinne Irene vooru Keisarar. Cedr.
Biriadist þad 33 ára strijd, sem Carolus M. hiellt moot Soxum, og ödrum þioodum i Þijskalande. Añal. Fuld. Crantz.

Firir utann ádur nefnd Biskupsdæmi, stiftadi Carolus M eitt til Minden 782, eitt til Bremen 788, Halberstad 778 Paderborn 780, til Munster 791, Hildisheim, Verden, Magdeborg, Hamborg 811. Uetrekt, Leodicum. it. 791. Háskólann i Paris. Sigonius. Eginh.

Ao. Chr. Auctores.

787. Carolus M tilsetur og endurbæter savng i Kirkiunum. Ann. Fuld.

797. Irene Drottnijng alleina i Mikladarde.

800. Leo Pridie Roomaborgar Paavi, coronar Carolum M. og var hann firste Keisari i Pijskalandi. Ann. F.

803. Nicephorus vard Miklagards Keisare.

812. Michael Europalates Keisari i Miklagardi.

814. Andadist sa loflege Herra Carolus M. til Achen i Pijdskalandi, 28. Jan. 72 ara ad alldri, þa hafdi hann raaded Fracklande 47 ar, Vallande 42 ar, og verid Roomaborgar Keisari 14 ar. Eginh. Avent.

Ludovicus Pius son hanns took þa Koongdoom i Fracklandi og vard eirnig Keisari. Ann. Fr.

Biørn Svija og Gauta Koongur sneriſt a þessu ari til christeligrar trwar. Hist. Magb.

821. Michael hinn Stame vard Keisari i Miklagarde. Anast.

826. Klakharalldur og Eyrikur brooder hanns voru skijrder i Moguntia og efter þad, var Ansgarius eirn Mwkur sendur af Keisara Lodvik, ad predika Guds Ord i þessum Nordurlondum, Danmørk og Svijþiood. Aimonius. An. Francia

§. 22.

830. Theophilus Keisare i Miklagarde. Adam.

832. Settur Erkibiskups stooll i Hamborg, hin firste i þessum Rijkium. Brem. Marianus.

840. Andadist Ludovicus Pius, Lotharius *I.* Keisari i hanns stad. Scot.

841. Ludovicus brooder Lotharii Koongur i Pijdskalandi, enn Carolus Calvus, edur hinn Skøllotte i Fracklande. Eginh. Anast.

844. Sergius Annar Roomaborgar Paavi, hann var hin firsti sem umbreitti Paavanna rietta nafni.

Anno 845. var Erkibiskups stóllenn í Hamborg, eidilagdur, og ásamt Kirkiunne af þeim Nordmønnum sem þá heriudu uppbrendur, so Ansgarius Erkibiskup flýdi nakenn þadann, og var þá Erkistooll settur i Bremen. Adam. Brem.

845. Michael Pridie med moodur sinne Theodora, Miklagards Keisarar. Cedr. Zon.

Ao. Chr. | Auctores.

847. Leo IV. vard Pavi i Room, hann var sa firsti sem ei villdi þeckia Þydskalands Keisara fyrer sijna yfermenn. Anast.

Efter Leonem Páva kom ein er sig nefndi Johannes 8da þesse sat 2 ár og 2 mánudi; Enn þá hann eitt sinn epter venju var borinn opinnberliga í Processin, tók hann snøggliga Jódiótt fæddi Sveinbarn, og dó sídann. Þessi Skiækia sem seirna reindist, hiet Gilberta fædd og uppalen i Moguntia, í Þijdskalandi, lavg til sins Kinferdis, reiste so til Griclands, hvar hún til Athenen tók stórum framförum i lærdómi, kom sídann til Róm, og fyrer sinn lærdóm og gódar gáfur kom þar til Pávatignar, hiellt sídann vid eirn af Cardinalunum, inn til hún vard opennber sem sagt er. Marian.Sc. Plat. Sigeb. Balæus. Volateranus Radul.

854. Fæddur Haralldur Hárfagre Noregs Koongur.

Bædi Ari Fródi, Landnáma og Doctor *Finnur* í Historia Ecclesiastica seigia ad Ingolfur hafi funded Island 870. og þá hafi Haralldur Hárfagri verid 16 vetra, en 2 vetrum ádur stód Hafursfiardar Orusta, og því ártali filgie eg hier, þó eg viti ad bædi Baron Holberg efter Þormodi p. 694. í Danmerkur Rikis Historiu Tomo 1. fyrsta Upplægi heimfæri þad til Annum 875. og adrer enn nú seirna, vide *Langeb.* Script. Medii Ævi Tom. I. Pag. 543. þar er þad sett 853. Arngr. setur þad 848. *Schon.* Orig. Norv.

855. Ludvic Annar Keisari i Þijdskalandi. Sigon.
Lotharius Brooder hanns fieck Lotharingiam. Ann. F.
Carolus Burgundiam.

864. Gardar finnur Island, og nefner Gardarshoolma. Snor. S.

868. Haralldur Hárfagri hiellt Hafursfiardar Orustu, og eignadist sijdann ein allann Norveg. Orig. N.

870. Basilius Macedo Miklagards Keisari. Cedr.
Fann Ingolfur Arnarson Island, sem tok ad biggiast fioorum vetrum sijdar.

§. 23.

Ao Chr. Auctores.

§. 23.

875. Carolus Calvus Fracklands Koongur vard Keisari; i hans tijd heriudu Nordmenn i Fracklandi. Sigonius. Ursp.

878. Ludovicus Balbus Keisari.

880. Carolus hinn Þickve, vard Keisari i Þijdskalande. Aimonius.

Johannes 8de var á þessum tímum Pávi i Róm, hann coronadi þessa 3 undannførnu Keisara. Carolus Keisari var hinn firsti sem befaladi ad sitia ártal Christi Fæding á Bref og Document sem menn brúkudu. Anast.

Á þessum árum tóku nockrar Þióder i Rúßlandi christni, med því móti ad Keisari Basilius sendi þeim ein Biskup sem predikadi miked af þeim 3 mønnum i Elldenum i Babylon, og sídann fleigdi Gudspiallabókenne i logandi elld, enn fyrer bæn til Guds tók hana óbrunna þegar elldurenn sloknadi. Cedr. Zonar.

888. Carolus hinn Einfalldi Koongur i Fracklande, hann samdi frid vid Gavngubrólf, giordi hann til Hertoga yfer Normandien, og gaf honum sijna dottur Gisla til ekta. Regino. An. Fuld.

Leo Siotti vard Miklagards Keisari. Cedr.

Amulphus Keisari i Þijdskalandi.

900. Ludovicus kalladur Barn vard Keisari 7 vetra gamall. Avent.

906. Alexander son Basilii Maced. Keisari i Miklagarde. Plati.

907. Constantinus Porphyrogenneta med moodur sinne Zóe Keisari. Cedr.

912. Ludovicus Infans deide, i hanns stad vard Keisari Conrad Firsti. Marian.

915. Egbertus Einglands Koongur, foreinar þavg 7 Rijki i Einglandi, og var firsti Einglands Einvallds Koongur. Rijkenn hietu so ødur: B. Hob.

1. Kent. 4. Eßsex.
2. Sußsex. 5. Mercia.
3. Orstangelen. 6. Northumbrien.
7. Vestsex, edur Vestur Saxarijke.

§ 14.

Ao. C. Auctores.

917. Eyrikur Sigursæle Koongur i Svijarijke. Joh. G.

919. Henricus Auceps firsti Keisari, af þeirri Saxisku Lijnu i Sigeb.
Þijdskalandi.

925. Henric Keisari heriadi a Gorm gamla Dana Koong og
fieck sigur.

927. Henricus Keisari innriettar Marggreifastand, fyrstur i Cuspin.
Þijdskalande.

Þessi Keisari útnefndi firstur efterfilgiande Margreifadæme Thrith.
i Þijdskalandi nefnl. 1. í Brandenborg. 2. til Meissen. 3. Phil. Chr.
til Lúsatz. 4. í Avsturrike. 5. til Landsberg. Landenu til
Forsvars mót Dønum, upprietti hann og þad 6ta i Slesvik.

928. Ulfliótur innfærir firstur Log i Island, og stiftar Alþijng Schedæ Arii
sijdann. Præsts.

929. Eyrikur Blódøx Son Harallds Hárfagra took Koong-
doom efter Fodur sinn yfer Norege.

930. Rafn Hængsson, firsti Logsogumadur a Islande. Ar. P. þ.

934. Haralldur Gormsson kalladur Blátonn Koongur yfer
Danmork, efter Gorm hinn gamla fodur sinn. Olaf. Trygg.
Hácon Adalsteinn Foostri took Koongdoom i Norege,
hann setti Gulaþijngs Log, efter raadum Þorleifs
Spaka, og Frostuþijngs Log, ad raadum Sigurdar
Jalls, hann bodadi firstur H. Trw i Norege.

935. Flijdi Eyrikur Blódøx wr landi. Var Island albigt.

Period-

Periodus VIII.

Byriast med *Ottone Magno* Roomaborgar Keisara, og endast þar *Conrad* Fridie took Keisaradoom i Þijdskalandi, innehelldur

Ao. C. CCII. Ar.

936. Otto Mikle vard Keisari i Þijdskalandi, og stiftar þessi Biskupsdæmi. 1. Brandenborg. 2. Havelborg. 3. Meissen. 4. Mersborg. 5. Magdeborg. Chron. Ph. Speng.

948. Harralldur Gormsson var skijrdur af Poppone og Danmørk christnud af Ottone Keisara. Crantz.

Daner villdu med eingu móti fyrenn Poppo bar þeim á-síáande glóandi járn í hendenne, enn fyrer Guds kraft var óskadadur. Þesse Poppo var ein prestur frá Frislandi. Nock rer skrifa hann hafi klædt sig einum Liereftskiól makudum í Tiøru og Vaxi, qveikt sídann elld í hønum og látid hann brenna utann af sier óskemdum.

960. Gunnhilldar syner tooku Rijke i Norege, og efter þa Hácon Hladajall. Vita Ol. T.

968. Hatto vard Biskup i Moguntia, þar var mikil dijrtijd.

Biskup liet samansafna mørgum Fátækum, og inneluktí þá í eirni Bygghlavdu, hvar hiner vesælu menn bidu og væntu sier Avlmusu, enn Biskup lagdi elld í hløduna og brendi þá alla inne; og er þeir veinudu avmliga, spottadi hann þá, og bad Bravdmísnar ei skrækia so herfiliga. Þessa hanns Hardúge straffadi Gud á þann hátt, ad Biskup fieck slíka ásókn af Músum, ad hann eingvann frid hafdi fyrir þeim nótt edur dag hvørke til ad matast nie sofa, hann flýdi þá í eirn Turn sem bigdur var í flióteuu Rhin; enn mýsnar fundu, og eltu Thritem. Marian. Cosmograph. Munst. Mart. in Chron.

hann

Ao. C. Auctores.

hann þángad, og skilldu ei vid, fyrenn þær drápu hann og á- tu lifandi. Þær átu og af hanns nafn, hvar sem þad var mál- ad edur skrifad. Schaffn.

969. Fæddist Olafur Tryggvason, efter æ Koongur i Norege Romanus Annar og Lacopenus, Zóe og Constantinus *VIII.* hofdu verid Miklagards Keisarar, sijdann Constantinus *IX.* og 961. Nicephorus 2 ær. Vita Ol. T. Cedr. Luitpr.

§. 25.

969. Hungaria medtook christni og skijrn, 5 ærum ædur hafdi Mieslaus Fursti i Polenn og þad heila Rijke læted skijrast. Hist. Pol.

971. Johannes Zimisces Keisari 6 ær i Miklagardi. Chythr.

973. Andadist Otto M. son hanns Otto Raudi vard Keisari. Cratz.

977. Basilius *II.* og Constantinus *X.* Miklagards Keisarar. Cedr.

979. Adalrádur vard Koongur i Englandi og rijkti i 37. ær.

980. Haralldur Gormson drepinn, Sveirn son hanns vard þæ aftur Koongur i Danmork og Olafur i Svíþiood. Holberg.

983. Andadist Otto Raudi, eñ son hañs Otto *III.* vard Keisari. Aventin.

987. Utdeide i Frankarijki Koongaætt Caroli M. sem þar hafdi stioornad 236 ær, eñ Hugo Capetus vard þar Koongur 9. ær, Robert 34. ær, Henric 30. ær.

988. Valdemar Fursti i Gardarijke giftist Onnu Syster Basilii Miklagards Keisara, og undereins took sw Russiska Þiood skijrn og Christni (ɔ: Grisk) Trwarbrogd.

991. Kom Elldur upp wr Fliootenu Rhijn, og afbrendi næstu Bændabigder. Schaff.

995. Olafur Tryggvason vard Koongur i Norege, og took ad boda þar christna trw. Vita Ol. T.

996. Otto Keisare sette Gregorium *V.* til Pæva i Room, efter hann kom Sylvester Annar, sem sagt er ad sig hafe giefed Dioflenum, til ad næ þvij Embætte. Platina. Dithm.

1000. Keisari Otto *III.* innsette Bolislaum Chobrium til Koongs i Polen. Cuspin.
Christni logtekenn æ Islande. Vita Ol. T.
Olafur Tryggvason yfirunnenn vid Svolldur.
Jarlarner Eyrikur og Sveirn tooku Rijki i Norege.

Skrifa

Año Christi. | Auctores.

Skrifa nockrer Fræðimenn, ad þeir 7 Kiorfurstar i Þijdskalandi hafi first verid wtnefnder, til ad velia Keisarana. Christenni trw bodud og innleidd a Grænlandi, sem funded og numed var fra Islande Anno 986. Heigius. Rud. Arng. J. Grønl.

1002. Henricus Annar Roomaborgar Keisari. Chron.

Adalrádur Einglakoongur liet drepa allt Danskt folk i Lundunaborg. Chron.

1007. Henricus Keisari uppriettti Biskupsdæme til Bamberg, sem er eitt þad mektugasta i Þijdskalande. Bamb. Doct. Finns

1011. Skiedi Niáls brenna. Histor. Eccl.

1014. Knútur rijki son Sveins Tiúgúskeggs, Koongur i Danmørk, og heriadi i Englandi. p. 176. T. 1. Dithm.

1015. Olafur Haralldsson took Rijke i Norege. Vita Ol. S.

Skiedu Heidarvijg. Har.

Basilius Keisari took til fanga i strijde 15000 af þeim i Bulgaria, sem giort hofdu uppreist i mooti honum, og liet blinda þa alla, einasta behiellt hvor hundradasti madur odru sijnu Auga, til ad vijsa hinum veigenn heim aftur.

1017. Knútur Dana Koongur, vard og Koongur yfer Einglandi.

Rigndi Bloodi i Frankarijke. Sigeb.

Olafur Noregs Koongur oskadi Skatta af Islandi. Vita Ol. S.

1024. Conrád Annar Keisari i Þijdskalandi. Wippo.

Basilius Annar i Miklagardi deidi er hann hafdi rikt meir enn i 50 ar. Cedr.

Constantinus hanns brooder Keisari 3 ar.

§. 26.

1027. Johannes *XX*. Pavi i Room cooroonadi Conrád Keisara. Þa var hönum samtijda i Room Knútur Koongur hiñ rijke, er riedi fyrer Danmørk, Noreg og Einglandi, i þeirri ferd trwlofadi hann Gunnhillde dotter sina Henric Keisara syne, hwn lifde 2 ar efter þad hwn gifftest og do barnlaus. Sigon.

1030. Romanus og Zóe Keisarar i Miklagarde. Cedr.

Kálfur Arnason og adrir Nordmenn felldu fra Rijki i Nore- Vita Ol. S.

Ao. C. Auctores.

i Norege Olaf hinn H: ad rædum Knúts Koongs i Einglandi, sem þaa vard og Koongur i Norege.

Knútur riki setti sidann Lavnson sinn Svein Alfifuson til Kónas i Noreg, enn Nordmenn ráku hann burt; Knútur Kóngur stiftadi fyrstur Múka Clavstur i Danmørk, hann liet og fyrstur mynca þar Peninga.

1034. Nordmonnum leidist siw Danska Rijkisstioorn, og kalla inn aftur til Koongs Magnús son Olafs h. þessi Koon- Vitæ M. et
ur liet samanntaka þaa Løgbook er kallast Graagaas. Ol. S.
1035. Michael Paphlago og Zóe Miklagards Keisarar. Cedr.
1036. Do Knútur Koongur rijki, eñ Hørdaknútur vard Koon- V. Can. M.
gur yfer Danmørk.
1039. Andadist Conrád Keisari, Henric Svarti Keisari i hañs Spangb.
stad i Þijdskalandi.
1042. Magnús Koongur Goodi eignadist Danmørk, ennJát-
vardur H. vard Koongur i Einglandi.
1043. Michael Calophates og Zóe Keisarar i Miklagarde, og Cedr.
sijdann Constantinus Monomachus
1046. Haralldur Sigurdarson kom fraa Miklagarde, og vard Snoro Stu.
Koongur i Norege, med Magnúse Gooda.
1047. Sveirn Ulfsson og Astridar Systur Knúts Koongs rij-
ka, vard Koongur i Danmørk; Magnús Goodi do. Holberg.
1056. Þaa var stiftadur Biskupsstooll i Skaalholte aa Islande. V. Ep. Isl.
Fyrsti Biskup þar Isleifur Gissursson.
Fæddur Sæmundur hinn Froodi. Schedæ.
1056. Michael *VI.* og Theodora Keisarar i Miklagarde. Chron. Car-
Andadist Henric Keisari, enn son hanns Henric *IV.* ionis.
took Keisaradæmid. Spangenb.
1059. Niculaus Annar Paavi, utgaf firstur þaa skickun ad Car- Plat.
dinalarner skilldu utvelia Pawa, enn ei Keisarenn.
Isacius Comnenus Keisari i Miklagarde. idem.
1061. Philippus Koongur i Fracklande 41. aar. Þaa Ludvic Cedr.
Pickve, hanns son 28 aar. Þaa Ludvic yngri 43 Frossardus.
Philippus Augustus 43 aar. Ludvic *VIII.* 4 aar, og Chythræus.
Ludvic *IX.* edur hin Helgi, fraa hveriunn aller Fracka
Koongar eru ættader, inn til vorra tijma.

Con-

Ao. Chr. | Auctores.

Constantinus Dúcas Keisari i Miklagarde. Cedr.
1065. Sveirn Koongur Ulfsson stiftar 2 Biskupsdæmi til Lund, og Dalby i Scæney, og onnur tvo i Jullande. Ælnoth.
1066. Vilhiálmur Bastardur Rúdu Jall, inntook Eingland, efter Edvardi Confessoris davda, enn felldi fra landi Sveirn Gudinason, sem 19 dogum ædur hafde yferunned og fellt Haralld Sigurdarson vid Joorvijk. Þa tooku Koongdoom i Norege Synir hanns Olafur Kyrre og Magnús. Helmol. B. Reg.Nor. Saxo.
1068. Fæddur sa Jsslendske Frædimeistari Are Fróde. Schedæ.
1070. Romanus Diogenes Keisari i Miklagarde. Cedr.
1073. Hildebrandur er sig nefndi Gregorium *VII.* vard Pævi i Room, hann var eirn argur skælkur, sem med allrahanda vielum og odædum, golldrum, mordi og Gudleise wtbreiddi meir enn nockur annar Pævanna valld i Room, og ebldi Sathans Rijke. Plat.
1074. Sveirn Ulfsson Koongur i Danmork deide.

§. 27.

1075. Michael Dúcas Keisari i Constantinopel, og þa strax Constantinus Dúcas hinn *XIII.* Cedr.
1075. Haralldur son Sveirns Ulfssonar Koongur i Danmork. B. Sv. Estr.

Hilldebrandur Pávi var sá fyrsti sem bannfærdi Þýdskalands Keisara; Fyrirbavd Geistligum ad giftast, og margar fleiri skammer giørdi hann. Plat. Spang.

1077. Gregorius Pævi, wtvaldi Rúdolph af Svaben til Keisara, hvaraf ordsskudust iñbirdis strijd i Þijdskalandi. Ursp.
1080. Alexius Comnenus Miklagards Keisari.
Knútur Sveirnsson took Koongdoom i Danmork. Saxo.
1082. Keisari Henricus afsette Hilldebrand, enn sette aftur til Pæva Clemens Þridia, og sijdann Victor. Plat.
1086. Knútur Dana Koongur i helsleigenn, i S. Albani Kirkiu i Odinsey, eñ Olafur brooder hañs vard Koongur. Æln. Saxo.
1088. Urbanus *II.* Pævi i Room, þessi fetadi allann feril Hilldebrands; hann bannfærdi bædi Keisaran og Pæva Clemens siñ mootpart, sem bañfærdi aftur Urbanum. Avent. Platina. Sigeber.

Þessi Pávi iñsetti Marintíder og Paternoster bønd, med ødrum Villulærdómi. Barott.

Ao. Chr. | Auctores.

1090. Viriudust Leidangursferder til Jerusalem, hiñ hellsti Forsijnge var Godofredus af Bullion, Hertuge, samt Baldvin og Evstakius brædur hanns. Hugon Mikli brooder Philippi Fracka Koongs. Rodbert Hertuge, brooder Vilhiálms Einglands Koongs. Rodbert Greise af Flanderen, og enn fleiri. Þeir hofdu 600000 Footgavngulids, 100000 Rijddara. Fucherius. Chythræus. Gvilhelmus. Blondud.

Erindid til Jórsala og ordsok þeß stóra Leidángurs hiedann af Nordurlondum, var sú ad seint á þeirri ellestu old, feingu marger Kóngar og Fürstar hier i Evropa stóra lýst til ad ná astur frá Saracenum bædi Jerusalem, Gidíngalandi og Syria med kríng uñ liggiandi Rikium; Enn Páfarner i Róm predikudu þeim avllum stór aflát og mikla Syndaqvittun sem þessa ferd uppá sig tækiu, enn hiner áttu ad leisa sig út med peníngum; skilldu þeir sem fóru teikna sig med ravdum Krossi á hægri Oxlinne útann á Klædinn, enn hinar hellstu þessar Leidángurs ferder vóru efterfylgiande:

1.) Ar 1090. hverra Foríngie var Godofredus Hertuge af Bullion.

2.) 1101. Þá Baldvin var Kóngur ad Jórsolum, þad fólk dó flest allt af svikum Alexii Miklagards Keisara.

3.) 1140. Conrád Keisari og Lodvík Frackakóngur fóru þángad eñ toptudu ollu sínu fólki, fyrer svikafull rád Emanuelis Gricka Keisara.

4.) Keisari Fridrik 1. Philippus Fracka Kóngur og Rigard Kóngur i Einglandi fóru þángad 1187. eina Leidángurs for, i henne drucknadi Keisarinn.

5.) 1191. Sendi Henrik Keisari þángad 60000 mañs, med þeirra Herhofdíngium, þesser ad sonu yferuñu Saracena eñ tvístrudust þó sokum misklidar og ósamlindis Hofdíngianna.

6.) 1217. Ad forlagi Páva Inocentii Pridia, var ein þeßslags for birind, enn þad besta mannval af því fólki dó avmliga, hitt kom jafn nært astur.

7.) 1228. Heitstreingdi Keisari Fridrik Annar ad fara þángad, enn missklíd milli hanns og Pávans hindradi þad.

8.) 1248. Fór Lodvík Fracklands Kóngur til Gidíngaland, hanns

Año Christi. Auctores.

strídsfólk dó mest allt af Pest. Eirn siølldi af úngum dreingium løgdu pá enn á stad, þeir tvístrudust marger dóu og marger vóru herleidder.

9.) Pávi Gregorius 9de. villdi med miklum framdrætti yfertala Nordurálfunnar Kónga til ad fara þángad enn þad vard ei framgeingt. Þessi hin sídasta var predikud hier á Islande af Arna Biskupi Þorlákssyne i Skálholte og Jørunde á Hólum Anno 1275. og so oftar, og sviku Biskupar út hier i Lande, med þvi móti margá Peninga sem þeir nefndu Pávatíund og S. Peturs Pening. Enn ecki hefe eg lesed ad neirn hier i Landinu, Krossast hafi til Jórsalaferdar.

1093. Deidi Olafur Kyrri Noregs Koongur, Magnús Berbeinn og Hákon Fodurbrooder hanns tooku Koongdom. Stúrl.

1094. Vigslódi innleiddur fyrir Log a Islande.

1095. Eyrikur Eigóde Koongur i Dannork. Ælnoth.

1096. Samsett Tíjundar Statuta Gissurar Biskups a Islande.

1098. Inntekinn Antiochia af þeim Christnu og deiddar meir enn 100000 af Saracenis. Tyrius L. 4. 5. 6.

1099. Jerusalem inntekenn af þeim Christnu þann 15. Julii, þar var þa so miked bloodbad ad lijkamer davdra manna flutu i bloodi. Þa hafdi Jerusalem verid i valldi Tyrkiana 460 ar, 1ste Koongur þar var Godofredus 1. ar, þa Balduinus brooder hans 18. ar Paschalis Paavi i Room, þessi bannfærdi og so Keisarann, og var lijkur sijnum formonnum. Rob. M. Cario. in Gest. P. F. Helm. Plat.

Viriadist sw Ottomaniska Rijkisstioorn hia Tyrkium. Enn Chronicon Carionis setur hana vid Annum 1300.

1103. Magnús Berbeinn Noregs Koongur fiell a Irlande. Syner hans urdu Koongar i Norege ul. Olafur andadist 1116. Eisteinn do 1122. Sigurdur Jórsalafari do 1130. Æst Nor. K. Sn. Stúrl.

- Settur Erkibiskups-stooll til Lund i Skaney, adur vooru Biskupar vijgder til Bremen. Ælnot.

1106. Andadist Henricus Keisari, efter leina mædusama og langa þrætu moori Hofmood Paavanna, og þeirra yfergangi i 50 ar; hann var i banne þa hann do, og var þvij ei grafenn regluliga fyrenn efter 5 ar, þa voru bein hans leist wr þvij. Ursperg. Avent.

Ao. Chr. Auctores.

Vijgdist Jón Øgmundsson til Bisk. a Holnm i Isl. Spang.

1107. Nicolaus Sveinsson Koongur i Danmork. Eln.

1107. Henricus Fimti Keisari i Þijdskalandi. Chyt.

1114. Um þessa tijma finst, ad Islendijngar hafi first biriad ad samansetia Skrif og Frædibækur, nockrum arum fyrr enn Daner og Nordmenn.

1120. A þeirri samkomu sem hallden var i Slesvijk, var þeim Geistligu i Danmork fyrerboded Hioonaband og þeir sem gifter vooru hlutu ad læta sijnar Konur fra sier. Stiftad Þijngeyrar Clavstur af Jóne Biskupi Øgmundssyne. §. 28. Elnoth.

1123. Innleiddur Lijksavngs-Eirir Presta.

1125. Lotharius fra Saxen vard Keis. i Þijdskalandi, J. Comnenus vard Keis. i Miklagardi efter fødr sinn sein do 1117. Viterbiens.

1126. Portugal vard eitt Rijki wtaf fyrir sig, firste Koonungur þar hiet Alphonsus.

1127. Loth. Keis. tilsetti 1str. Doctores og Magistros i Haaskolunum. Otto Fris.

1128. Deidi Johannes kalladur *a Temporibus* 361 ara gamall, hafdi þienad Carolo M. i strijde. Naucl. Cromerus.

1129. Røgnvalldur Knaphøfde Koongur i Svijþiood.

1130. Magnús Blindi Koongur i Noreg.

1131. Knútur Hertogi hinn H. sleigenn ihel af Magnúse syni Nicolai Dana Koongs þann 7: Jan. enn Eyrikur Emund var kiørenn til Koongs. Helm. Saxo.

1135. Slag vid Footvijk i Skaaney, millum Kgs. Nicolai og Eyriks i Danmork, þar fiellu 5. Biskupar og 600 Prestar. Histo. Knitlinga.

Hinn merkilegi Frædimadur og Sagnaskrifari á Islandi Sæmundur Prestur Fródi andadist 1133. 87 ára gamall. Hann hefr skrifad þá savgu Niálu. Liódaeddu, sem meinast ad mestuleite interciderud. Odda Anál. Sólarliód. Hávamál. Noregs Kónga tal og enn fleira. A þessu ári liet Haralldur Gille blinda og giellda Magnús Kóng bróburson sinn, og setti hann í Klavstur enn tók siálfur Kóngdóm. Resen.

1137. Eyrik Emund Dana Koongur drepinn af Svartaplóg, Eyrikur Lamb vard Koongur i hanns stad. Til Oldisseb i Furstadæminu Thuringen, fiell a þessu ari wr heidu lofti ein steinn so stor sem fullkomid mannshofud, og var hann sijdann lengi geimdur i þeim stad til sijnis. Holb. Histo. Spangenb.

Periode

Periodus IX.

Fra hvij *Conrad III.* took Rijki, til þeß *Valdemar III.* vard Koongur i Danmørk; innehelldur *CXCVI.* Ar.

Ao. C.

1138. Conrád *III.* vard Keisari i Þijdskalandi.
1140. Sørkver Koongur i Sviþiood.
1142. Manúel Comnenus Miklagards Keisari. Chron.
- Lybeck og Nurnberg þær nafnfrægu borger uppbiggdar, Spang.
it. Ulma og Hartzborg, af Conrád Keisara. Chyth.
1146. Conrád Keisari og Ludvik Fracka Koongur fooru Leidangursfør i Gidijngaland, eñ wtrettu eckert sokum svika Keisara Manúelis, sem liet blanda Kalke i Miol þeirra hvaraf marger menn doou. Nicetas. Tyrius.
1147. Sveirn son Eyriks Emund og Knútur Magnússon Koongar i Danmørk. Ælnot.
1150. Eyrikur hinn H: Koongur i Sviþiood, hann setti firstur Erkibiskups stool ad Uppsavlum. J. Gothus.
1152. Deide Conrád *III.* Keisari, Fridricus Barbarossa kom þa aftur i hanns stad. Ursp.
Vijgdur firsti Biskup til Grænlands, til Lund Eyrikur ad nafni. Ann.

Are Fródi Islendingur andadist 1148. og 1155 var stiftad Múkaþverár Clavstur.

1155. Hadrianus var Paavi i Rom og coronadi Fridric Keisara. O. Frising.
1157. Valdemar *I.* vard Koongur i Danmørk efter Sveirn Eyriksson, a þessu ari var drepiñ i Norege Eisteirn broder Sigurdar Munns, eñ Inge vard Koongur. Jón Byrgeirsson vard firsti Erkibiskup i Nidarose. Holberg. Saxo. Stúrlæs.

§. 29.

1163. Keisariñ wtvallde Victor til Paava, eñ Alexander var af þeim Fronsku wtvalenn, reis þar af mikill ofridur, 4 Radev. L. 2. C. 64.

Ao. C. Auctores.

arum seirna deidi Victor, var þa wtvaleñ Pascalis Pridie, og Calixtus. Hist. G.

1161. Fiell Inge Noregs Koongur, Hácon Herdabr. took þa aftur Koongdoom. Stúrlæs.

1162. Carolus Siounde med þvij nafni Svija Koongur. Magnús son Erlings Skacka Koongur i Norege.

1163. Valldemar Dana Koongur wtgaf þavg Skanſku Log. Holb.

1168. Knútur hinn H. Eyrikſson Koongur i Sviiþiood. Valdemar Koongur for Leidangur til Viudlands, iñ took borgena Arcona, og eidilagdi þañ Afgud Svantevit, christnadi landed, og lagdi þad til Roskilld Biskupsdæmis. Um þessa tijma liet Absalon Biskup bigg ia Axelhws, þar sem nw er Kavpenhafnar Slot, ad ur hiet þad Stegluborg. Helmold. Saxo.

Stiftad Pickvabæar Clavstur af Klange Biskupi.

1171. Valdemar Koongur wtgaf þavg Sællendsku Log. Holb.

1177. Sveirn Son Sigurdar Munns tekinn til Koongs i Norege af Birkebeinum. Vita Sv.

1178. Fæddist sa mikli Sagnaskrifari Snorre Stúrlaſon.

1179. Prestum a Islande fyrerboded Hioonaband.

1180. Andronicus Miklagards Keisari 2 ar. Nicetas.

1181. Knútur Valdemarsson Koongur i Danmork. Saxo.

I tid þessara Kónga ritadi Saxo Gramaticus þá Dœnsku Kónga Historiu á Látinu.

1182. Isaacius Angelus Miklagards Keisari 10 ar. Nicetas.

1184. Fiell Magnús Erlingsson Noregs Koongur. Sett Clavstur ad Helgafelle, tveim arum seirna var sett Clavstur ad Kirkiubæ af Þorláke H. V. Sverr.

1190. Deide Keisareñ Fridricus Barbarossa eñ Henricus *VI.* vard Keisare. Meinast ad Knútur Dana Koongur hafe stiftad Riddara-Orduna af Elephanten. Spang.

1192. Alexius Comnenus Miklagards Keisari. Tyrius.

Sørkver Pridie Koongur i Sverrig.

1193. Deide sa Ægiptski Soldan Saladinus sem háfdi yferuñed morg lond i Avsturalfunne.

1195. Aben Joseph Keisari af Marocco fiell iñi Spaniam med 600000. Zachar.

Ao. Chr. Auctores.

600000. manns, yfervann Alphonsum Koong af Castilien og inntook landed.

1198. **Philippus** *II.* og **Otto** *IV.* Keisarar i Þijdskalande. Ursp.

1202. Deidi Knútur *VI.* Dana Koongur **Valdemar** *II.* vard Koongur. Deide Sveirn Koongur i Noreg Hácon son hanns vard þar Koongur i hanns stad. Holb. Histo.

1204. Andadist Hácon Sverrisf. Guttormur sonarson Sverris vard aftur Koongur 1 ar. Wsi N. Kg.

Changius Cham firsti Koongur i Tartarienu. Chyt.

§. 30.

1205. Inge Bárdarson Koongur i Norege. **Alexius** *III.* og **Alexius Dúcas** Miklagards Keisarar. Fiellu þeir Þijdsku og Fronsku Furstar inn i Grickland, inntooku hofudborgena Constantinopel, ráku fra Rijke Alexium *V.* eñ **Baldvin** *I.* vard aftur Keisare. **Theodorus Lascaris** var þa Grickia Keisari, og sat i borgenne Nicæa. Brooder **Baldvins** kom efter hann til Keisaradæmis i Constantinopel, og rijkti 13. ar. Nicetas. Tyrius. idem.

1208. Liet **Otto** Keisari hallda samkomu til Francfurt, vooru þar utnefnder þeir 7. sem ráda skilldu Keisara Kiorunum i Þijdskaland nl. Biskuparner af Moguntia, Trier og Colni, Slotzgreifinn af Rhin, Hertugenn af Saxen Margreifeñ af Brandenborg, og Koongurin i Bohmen. Sigonius.

1211. **Eyrikur** *X.* vard Svija Koongur.

1212. **Otto** Keisari var bañsettur, og afsettur Keisaradæmenu, eñ Fridric *II.* sem þa var Koongur i Siceley vard Keisari. Thrith.

1225. Sa mikli Islendski Frædimadur **Snorre Stúrluson** vard Logmadur a Islande.

1216. Var Petur Miklagards Keisari; sijdañ **Robert** hañs son. Nicetas.

1217. Hácon Háconarson vard Koongur i Norege. V. Haq.

1229. **Johannes** *I.* Svija Koongur, og efter hañ **Eyrikur** kalladur hiñ Stame, i hanns tijd var Prestum i Svijarijke bannad ad giftast.

1223. Greifeñ af Sverin liet med svikum fanga Koong **Valdemar** af Danmork, og Printzen son hanns. Hist. H. Dan.

1224. Sett Videyar Clausstur.

1227. **Gregorius** *IX.* Pavi i Room.

Þessi

Ao. C. Auctores.

Þessi Páfi var eirn vondur madur hann bannfærdi Fridrik Keisara tvisvar, og ordsakadi mikeñ óróa í Rikenu, safnadi her í móti Keisaranum, lofadi sinu stridsfólki frelse úr hreinsunarelldinum, og eilífu life, ef þad berdist vel med sier, hañ gieck í Processiu berfættur fyrer lidenu, og liet bera í kring med sier høfud af Postulunum Petre og Pále, sem hañ sagdi sig og sitt fólk vernda skilldi; eñ hañ hafdi samt ósigur og var margt af hañs lidi drepid, enn hann flýdi og dó skømmu seirna. Spang. Chron. Philip. Onuph. Anninus.

A þessu ári kom til Róm ein Greife, sem hafde verid fangen hiá þeim Saracenis, eñ komst burt med því móti ad hañ hafdi gift sig eirnri Saraceniskre Júngfrú sem hiálpadi hønum burtu, hañ átti adra Konu í Thúringen ádur, átti hañ so þadañ í frá þessar bádar, samdi þeim øllum vel, sú Tyrkneska var dáfríd, eñ átti eingiñ børn, þaug hvíla øll í einu begrafelse til Erfurt. Chron. Thúringen. Dresserus.

1228. Balduinus Robertsson Miklagards Keisari. Chyth.

1237. Keisari Fridrik stiftar Hæskoola til Vien i Þijdskalandi.

1239. Stiftadi hañ añañ til Neapolis; liet og wtleggia marga Auctores af Grisku og Arabisku, so sem Aristotelem, Galenum, Avicenna, og marga adra. Aven. Chron. Car.

1240. Valdemar *II.* Dana Koongur, wtgaf Jutsku Løg.

1241. Gissur Þordvalldsson drap Snorra Stúrluson i Reikhollte a Islande. Stúrl. Hist.

Snorre hefur margar nytsamligar bækur efter sig láted sem Eddu, Chron. Norv. Háttalikel, og margt fleira.

1242. Deide Valdemar Dana Koongur, Eyrikur hanns son aftur Koongur i Danmørk. Histo. Holb.

§. 31.

1243. Innocentius Fioorde Pæfi i Room.

1247. Vilhiálmur Cardinal aftok i Norege Jarnburd og Ketilstek. Hác. S.

1250. Deidi Fridrik Keisari, Conrád Fioordi kom aftur i hvñs stad. Hertogi Abel i Danmørk liet myrda Eyrik Koong broodur sinn, og vard aftur Koongur. Spang. Histo. Holb.

1251. Valdemar Birgeirsson Koongur i Sviþiood.

1252. Christophor *I.* son Valdemars vard Dana Koongur. Histo. Holb.

hann

Ao. Chr. — Auctores.

hañ ꜳtti deilur miklar vid Jacob Erlendsſ. Biſkup.
1254. Vilhiálmur Greifenn af Hollandi wtvalinn til Keiſara. Pariſcus.
1256. Cublai edur Cobilas Cham fader hins mikla Tamerlans tosk Koongdoom i Tartaria, hann var hinn fim̃te frꜳ Changio Chan þeim firſta Koongi i þvij Rijke.
1257. Utvaleñ til Keiſara Richard af Einglande. Og ſijdann Alphonſus af Spanien, hañ liet firſtur wtleggia Biblíuna ꜳ Sponſku. Þo þeſſir væri wtvollder talldiſt ei þeirra ſtioorn mikelsverd, ſo nw er reiknad 17 ꜳra milli rijke i Þijdſkalandi, og gieck þar miog illa og ofridliga til ꜳ þeim tijma, þeſſi Alphonſus var eirn hꜳlærdur Herra. Chron. Carr. Theat. H. Plat.
1258. Giſſur Þorvalldsſon fieck Jalls nafn yfer Jſlande. St. H.
1259. Chriſtophor Dana Koongur ſvikeñ ꜳ Eitri i Sacramentenu af Arnfaſte Biſkupi i Arhws, vard þꜳ Son hanns Eyrikur Glipping Koongur. Hol. H.
1260. Michael Palæologus iñtekur aptur Miklagard, og rak burt þꜳ Evropæiſku, ſem þar hofdu ſtioornad i 60 ꜳr. Pariſ.
1260. Valdemar Svija Kongur liet uppbiggia ſtadeñ Stockholm. Chythr.
1261. Jſland og Gronland verda efter mikla fyrirhofn og efterſookn Noregs Koonga, um̃ſijder undergefenn og ſkattgilld Hácone Koongi Gamla, og ſooru honum ſkatt. Hiſt. Stúrl.
1262. Deidi Hácon Noregs Koongur i Orkejum, eñ Magnús Lagabæter kom i hañs ſtad, til Rijkes i Norege. Hiſt. Haq.
1263. Sw Logbook ſem kallaſt Grꜳgꜳs var afteken̄ i Jſlande. Liet Magnús Koongur i Norege ꜳ þeſſum ꜳrum miked forbetra þaug Norſku Log. Hiſt. M. L.
1272. Var Chriſteñ-Rettur Arna Biſkups iñleiddur i Jſlande.
1273. Rúdolphus af Habsburg var wtvaleñ til Keiſara i Þijdſkalande, eirn ꜳgiætur Herra, og hiñ firſte af þvij Furſtalega hwſe af Avſtur-Rijke, þeß Stiftari og Forfader. Æn. Sylv. Avent. Urſp.
1274. Samſett Hirdſkrꜳ i Norege med odrum fleiri Logbookum. Marinus.
1277. Magnús Ladelás vard Koongur i Svijarijke.

§. 32.

1278. J Þijdſkalandi fæddi ein Stwlka Barn 8 vetra gomul. A þeſſu ꜳri voru heingder i Einglande 248 Jwdar firir ſvik er þeir hofdu giort i Gullmyntenne. Ann. Sv.

1280

Ao. C. Auctores.

1280. Andadist Magnús Koong Lagabæter, eñ Eyrikur kalladur Prestahatari tok Kongdom i Norege. Chron. Nor.
Var løgtekenn a Islande Jonsbók, so kollud efter Jóne Løgmañe, er hána flutti firstur til Landsins.

1282. Siceley kom under Valld þeß Spanska Koongs, Peturs af Arragónia, efter þad mikla blodbad sem iñbiggiararner giordu þar, er þeir dræpu alla þa Fronsku sem funduſt a Eyuñe, a Paaskadagsqvollded, hvert almenneliga er kallad Sikileyar qvolld. Marinus. Cluv. P. Æmyl.

I Siceley vóru myrdtar á 2 Kluckutimum 8000 manns af þeim Fronsku. Aventinus.

1282. Andronicus Palæologus Miklagards Keisari, asamt brædrum sijnum Michael *IX.* og Constantino *XIV.* Chythr. Plat.

1286. Eyrikur Dæna Koongur var drepeñ til Finderup i Jullandi, hanns son Eyrikur Menved vard aftur Koongur. Chron. Dan.

Um þessa tima lifdi i Pýdskalandi ein Qveñpersóna meir eñ í 30 ár firir utann mat og drick. Naucl. Theat. H.

1291. Birger Magnússon Koongur i Svýþijod. Chron. Car.
Andadist Rúdolphus Keisari i Þijdskalandi. Spang.

1292. Adolphus *I.* Keisare i Þijdskalande. Peuc.

1293. Premislaus vard firste Koongur i Polen. Crom.

1298. Fiell Adolph Keisari i strijde, eñ Albertus Son Rudolphs Keisara kom i hanns stad. Trith. Spang.

1299. Do Eyrikur Koongur Prestahatare i Norege, Hácon brooder hanns vard þar aftur Koongur.

1300. Var halldid eitt Jubilæar til Room af Paava Bonifacio sookti þangad otoluligur fiollde foolks til ad fa Syndanna fyrirgiefnijng og Paavaliga bleßan. Blondus. Plat.

Øllum þeim sem fóru til Róm á þessu Júbilári gaf Páviñ án alls afdrátt, fríun úr hreinsunar Elldenum, og skipadi Guds Einglum ad flitia sáler þeirra i Paradís, strax sem þeir dæi, og þeim sem vóru lángt ad gaf hañ leifi til, ad kiósa til Paradisar 2 edr 3 adra.

1302. Bonifacius Paavi bannfærdi Philippum Fracka Koong. Ranul.
Johann Goja eirn Italienskur madur uppfañ Compaas

ad

Ao. Chr. Auctores.

ad sigla efter; Deide sæ vonde Pæavi Bonifacius enn Benedictus *XI.* vard Pæavi. Anton.

1305. Clemens *V.* vard Pæave, hann sat til Avenion i Frankarijke, og varadi þad Pæavasetur i 75 ær. Onuph.

1308. Drepen Albert Keisare af sijnum Broodursyne Johanne, Enn Henric af Lutzelborg var wtvalenn til Keisara æred næsta þar efter, kalladur hinn Siounde. Æn. Sylv.

1313. Keisari Henric var svikenn æ Eitri af einum Mwnk i Alltaresens Sacramento. Onuphr.

Fæddi Qvennpersona i Þijdskalandi af sier eitt Lioon.

Þegar Keisarin fornam sin Dauda saadi hann Múknum ad flýa og forda sier og bad Elld fyrergiefa hønum, enn hon nádest og var sídan fleigen qvikur. Þessi Keisari var á Bænum til Guds øllum nóttum og tók Sacramenteddagliga, eirn miked Gudhræddur Herra. Nauclerus. Naucl. Chron. Car.

1314. A þessu æri var eingenn Keisari, eingenn Pæavi og eingenn Koongur i Fracklande, sijdann vard Ludvik af Bajeren Keisari, enn tveim ærum seirna vard Johannes *XXII.* Pæavi til Room; hann sat i Fracklandi. Plat.

1317. Bannfærdi Pæavinn Keisara Ludvik. Chythr.

§. 33.

1319. Deide Hácon Noregs Kongur, vard þæ hans Dottursonn Magnús Eyriksson kalladur Smeck Koongur i Norège, og sijdann i Svijþiood. Hist. Holb.

Eyrikur Hertoge, fader Magni, og bróder hans Valdemar, vóru svellter ihel af Birger Kønge bródur sínum, í Túrnenum til Nykiøping 1317, ad rádum Johannis Brunk Dróttseta. Ericus Ups. Lib. 4.

1320. Christophorus *II.* vard Koongur i Danmørk. Holb.

1325. Andronicus *II.* vard Miklagards Keisare. Niceph.

1327. Philippus Valesius vard Kongur i Frackl. A þessum ærum giordu Daner uppreistn mot Konge sijnum Christophor, og ræku hann fræ Rijkenu, var þar þæ mikell Oror og styriolld, var Rijked stift mille margra Herramanna. Holb. H.

1326. Deide Ottomannus Tyrkia Høfdijnge efter þad hann i 28 ár hafdi stiórnad og teked mørg Lønd frá þeim Christnu Orcanes son hans kom efter hann og inntók Bythiniam, því Tyrkianna magt fór nú miøg í vøxt. Niceph.

1333. Andadist Christophor Dana Kongur, var þæ Konglaust 7 ær i þvij Rijke. Peucerus.

 Perio-

Auctores.

Periodus X.

Fra þvij *Valdemar III.* tok Kongdom i Danmork og til þeß Doctor *Martinus Lutherus* biriadi sijna Reformation. Innehelldur

Ao. C. CLXXIX. Ar.

1340. Valdemar *III.* son Christophori vard Kgr. i Danmork — Hist. Holb.
1341. Johannes Cantacuzenus Miklagards Keisare.
1342. Hácon Magnússon Kongur i Noreg. Valdemar Dana Kgr. selldi til Sviarijkis Skaney, Halland og Bleking — H. Holb.
1346. Valdemar Kongur selldi Eistland fra þeirri Donsku Cronu, og reiste til Jerusalem.
1347. Carolus Fiorde vard Keisari i Þijdskalande. — Æn. Syl.
1349. Meklenborg var giord ad einu Hertugadæme. — Plat.
1350. Yfergieck siw mañdavda plaaga sem nefndist Svarte Davde. Var hallded annad Jwbilaar til Room, med miklum Pijlagrims gavngum og offrunum til Paavans. Þetta ferda folk do so ækaflega i Pestinni, ad af 1000 pijlagrimum komu ei aftur æ stundum fleiri enn 10. — Plat.
1354. Johannes Palæologus *VI.* med þvij nafne vard Keisare i Miklagarde.

Um þessa tíma heriadi Amurath Firste (sem var sá 3. i tolunne af Tyrkia Keisurum) miøg sterkliga á þá Christnu, og hafde nú sest fót i Evropa setiande sitt kóngl. Sæte til Adrianopel. — Laon. Chal.

1356. Þavg Keisara Log sem kallast Gullboola og tala um hverßu Saxlands Keisarar skuli wtveliast var sámsett.

§. 34.

1359. Waldemar Dana Kongur yfertalar Magnús Smeck til ad affsala aftur Skaney, Hallande og Bleking til þeirrar Donsku Cronu. — Hist. Holb.
1360. Eyrikur *XII.* Koongur i Sviarijke.

1362.

Ao. Chr. | Auctores.

1362. Valdemar Dana Koongur gifte Margrete dottur sijna 11 vetra gamla, Hácone Magnússyne, Noregs Kg. Eñ Albert af Meklenb. var wtvaliñ til Kgs. i Svijarijke. — Chron. Dan. idem.

1364. Johañes Viclefius predikadi mot Pawans makt i Einglande — Chythræus.

1375. Magnús Koongur Smeck drucknadi i Norege.

1376. Deide Valdemar Dana Koongur enn Olafur hanns Dotturson took aftur Koongdoom.

1378. Voru 2 Paavar, annar i Room, enn annar til Avenion i Fracklande, sw misklijd varadi i 30 ær. — Trithemius. Plat.
Andadist Carolus *IV*. enn Venceslaus son hanns kom i hanns stad til Keisaradæmis. — Nauclerus.

Páveñ i Róm Urbanus 6. liet dreckia 5 Cardinalum, fyrir útvalning Clementis 6. sem var Pávi i Frankarike.

1380. Var Olafur Háconarson wtvalenn til Kongs i Norege. — Polid. Vir.
Berthold hiñ Svarte eirn þijdskur Mwkur og þar til Læk-ner, uppfañ Pwdurs tilbwnijng og so Fallsticke og Bissur, hvad hañ sijdañ kiende þeim i Venetia ad brwka i strijde.

Badi Sál. Etats-Ráð J. Gram, og fleiri hafa áliktad, ad Púdúr hafi miklu fyr verid uppfunded, enn eg helld mig vid þá almennustu meining.

1384. Andronicus Palæologus Miklagards Keisari. — Laonicus.

1387. Olafur Danmerkur og Noregs Kongur andadist, hañ var hinn seinasti af ætt Haralldz Hárfagra, Margret Drottnijng moder hanns erfdi bædi Rijkenn. — Holb. H.

1388. Biriadist strijd milli Margretar Drottnijngar af Danmork, og Alberts af Svijarijke, hañ var tekinn til fanga af þeim Danska General Ivar Lykke, þañ 21. 7br. vid Falkiøpijng i Vestur Gavtlande, it. Printzen Eyrikur, og þeirra stridsher sleigenn æ Flootta. — idem.
Emanúel Palæologus Miklagards Keisari. — Laon.

1390. Þeir Hollendsku Fiskarar fundu Nord Americam. — Theat. Or.

1397. Tamerlan Kongur af Schythia fangar þañ vonda Tyrkneska Keisara Bajazeth, son Amuraths, sette hann i eitt fuglabwr, brwkadi hann fyrir fotskør, og for miøg hædugliga med hann. — Laon. Æn. Syl. Anal. Turc.

Ao. Chr. Auctores.

Drottnijng Margret foreinar Rijken Danmork, Noreg og Svijþiood, og liet hilla Eyrik sinn Systurdottur Son til Koongs ad Uppsavlum.

1397. Liet Drottnijng Margret til Calmar samannkalla Raadherrana wr þeim 3. Kongarijkium Danmork, Svijþiood og Norege, var þaa samanntekenn sw Calmarisla Foreinijng, hverrar innrak var, ad greind 3. Rijke, skilldu æfinliga stioornast af einum Koongi, en þo hvert þeirra behallda sijnum eigen Logum og Frijheitum fyrir sig. — Baron Holbergs Historiu pag. 512

§. 35.

1400. Rupertus Slotz-Greife kiorinn til Keisara. — Peucerus.

Jafnvel þó Annálar nefni Svarta Dauda þá Pest sem hier gieck á Islandi 1401. þá sýnist þad ecki likligt ad hier um 50 ár hafi lided frá því Svarte Daudi gieck í Þýdskalandi, og Danmørk, til þ.ß hann kom hier i land, þar þó árlega gengu siglingar milli Landanna.

1404. Deide Tamerlaus Koongur i Schytia.

1406. Andres seinasti Grænlendijnga Biskup var vigdur.

1410. Deidi Keis. Rupertus, hin 38. i Keisaratolune, en Jódóchus Margreife af Moravien fyrirstod Rijked i 6 mænade. — Peucerus.

1411. Sigismundus vard Roomaborgar Keisari. — Spangenbergius.

1412. Margret Drottnijng i Danmork andadist.

1414. Biriadist sæ nafnfrægi Biskupafundur til Costnitz i Þijdskal. — Chythræus.

1415. Var fordæmdur og brendur Johannes Húss, og sijdann Hieronymus fra Prag, a Biskupafundenum til Costnits, fyrer þad þeir hofdu predikad mot Paavans villulærdomi, hier af biriadist stort strijd i Þijdskalande. — Æn. Syl. idem.

A þessum fundi var løgtiked ad leikmønnum ei være giefed nema braudid i Altaris Sacramentenu. — Crantz.

1416. Greifenn Fridric af Nordborg var giordur af Keisaranum Margreife af Brandenborg og Kiorfurste. — Chron. Carionis.

1417. Johannes Palæologus Miklagards Keisari. — Chal.

1421. Johannes Palæologus hans fodurbroder vard Keisari.

1422. Deide Mahomet I. en Amurath II. vard Tyrkia Keisari. — Laon.

1423. Fridric Margreife af Meissen vard Kiorfurste af Saxen. Hinn firsti i þvij Embætte. — Cuspinianus

1424.

Año Christi. Auctores.

1424. Deide Zifoa Forijngi þeirra sem strijddu mot Keisaranum fyrer saker Lærdoms og Dauda Johannis Húss. Æn. Syl.

Þessir Hússita uppvøktu miked strid í Þýdskalandi, og høfdu jafnañ Sigur á þeim pápisku, sem gátu þá med eingu móti yfirunned, enn mistu ótal fólks og eigna fyrir þeim. Chron. C.

1430. Gieck ein stoor boola yfer a Jslande. Annal.

1437. Andadist Sigismundus Keisari, enn Albertus Erkihertuge hañs Dotturmadur var aftur utvaleñ til Keisara. Æn. Syl.

1439. Efter þad Eyrikur Koongur af Pomeren hafdi forlaated sijn Rijki, kølludu Daner Hertuga Christophor af Bajeren iñ til Koongs, hañ var sonarson Ruperti Keisara, enn Sophia Mooder hanns, var dotterdootter Valdemars *III.* Holb. H.

Deidi Albert Keisare.

1440. Fridric *III.* af Avsturrijke vard Keisari. Æn. Syl.

Johannes Guttenberg uppfann Bookþrikkeried til Stratsborg, prentadi sijdañ i Maints; sijdañ Johannes Mens og adrer fleiri, sem færde þad til Neapolis, Room og annarstadar. Vimpfelingius.

1444. Uladislaus Koongur i Ungareñ bravt frideñ vid Amurath Tyrkia Keisara ad raadum Evgenii Pava, og var sijdann yferunnenn og drepenn vid Varnam, hvar ad fiellu yfer 50000 manns af hverutveggium. Æn. Syl. Añ. Turcici.

§. 36.

1445. Constantinus Palæologus sijdasti Keisari Christenn i Miklagarde. Laon.

1448. Christian *I.* Greifi af Oldenborg utvalenn til Koongs i Danmørk, hanns Mooder var Hedvig Koong Valdemars Þridia Systurdootter, enn Fader hanns var Theodoricus hinn Farsæle, Greife af Oldenborg. Hist. H. Crantz.

Þa var utvalenn af Svijum til Koongs Carl Cnútsson.

1450. Christian *I.* krijndur i Þrandheime.

1453. Mahometh *II.* Tyrkia Keisari kom a 3. ari sijns rijkis til Miklagards, med 400000 manns, og 250 skip, settist uñ stadeñ til lands og vatns, i 54 daga; og skutu þeir uppa Mwrana; var so uñ sijder sa rijke og mekt- Dresserus. Leonclavius.

nge

Ao. C. Auctores.

uge Stadur af Tyrkium inntekinn, og endi giordur a Plat.
þvij Griska Keisaradæmi.

Ei verdur þad útsagt hvør óskøp þá ágengu i Miklagarde. Æmilius.
Sá Christni Keisari ásamt 40000 mans, vóru avmkunarlega nidurhøggner; meir eñ 60000 Adalsfrúr og Jómfrúr vóru herleiddar; Annal. Tur.
Keisarans Drottning og Dætur vóru firft kreinktar, og sidañ høggnar i Sticke. Chalc.
Christi Kroßmark var uppreist á torginu med miklum brixlum, og gudlaste; þetta Rike hafde þá staded sidann Constantini hins Mikla daga i 1122 ár. Þann 29. Maii kom Tyrkia Keisarinn inn i stadenn

1457. Carl Knútsson rekinn fra Rijke i Svijþiood, enn Dana Koongur Christian *I.* var krijndur þar til Koongs. Holb.

1458. Pius *II.* vard Pavi i Room, hann var eirn vellærdur madur, var adur nefndur Æneas Sylvius, hefur efter sig lated samanskrifadar Bækur. Plat.

1464. Svijar giora uppreistn mot Kong Christian, og kalla inn Carl Knútsson. Holb.

1467. Biørn Thorleifsson sleigenn i hel af Eingelskum i Rife, hvaraf ordsakast missklijd mille Koong Christians *I.* og Einglands, sem afgiørdist til Uttrect 1474. Holb. Hist.

1468. Su Danska Princessa Margreta giftest Jacob Koongi af Skotlandi, sem med henni eignadist Orkneyar og Hetland. idem. Cluv.

1469. Ferdinandus Koongur af Arragonia, eignadist til Drottnijngar Jsabellam Princessu, og med henni mest alla Spaniam. Chr. Hisp.

1471. Steirn Stúre utvalenn efter Carl Knútsson til formanns i Svijþiood. Holb. H.

1472. Boola mikil og Manndavdi a Jslande. Annal.

1474. Christian Dana Koongur reisti til Room, og fær leife hia Pavanum ad setia Haskoola i Kaupennhafn, hvad hañ i verk setti med Peters Albertssonar og Olavi Martini tilhialp. Krantz.

1477. Johannes Basiliovitz stiftade eitt Keisaradæme i Russlande, og var þar hinn firsti Czar edur Keisari. Cluv.

1479

Ao. Chr. Auctores.

1479. Sw Spanska trwarbragda Rannsookn (Tribunal Inquisitionis) innleidd i Spania, mot Saracenis og Judum. Holb. Intr.

1481. Andadist Christian *I.* Dana Koongur, Enn Johannes took aftur Koongdoom. Deide Mahomet Tyrkia Keisari, enn Bajezeth son hanns kom i hanns stad. Holb.

Þesse Mahomet Annar ritti hiá Tyrkium alls 31 ár hann hafdi giørt ender so vel á Miklagards sem Trapezuntii Keisaradæmum, samt teked frá Þeim Christnu 4. Køngarike 20 Smá lønd og meir enn 200 stórar Borger. Ań. Tur. Laon. Cal.

§. 37.

1483. Fæddist Doctor Martinus Lutherus.

1490. Prestum i Norege gefed leife af Pœvanum til ad brwka Miød og Øl i Sacramentenu i stadenn fyrir Vijn. Holb. H.

1492. America fundenn af Christophoro Columbo. P. Matt. H

1493. Maximilianus *I.* vard Keisari i Þijdskalandi. Aventinus.

1495. Keisari Maximil. stiftar Camer-Riettenn til Spijr i Þijdskal.

1497. Johannes Dana Koongur krijndur i Svijþiood. Holb.
Fundenn af Portugisum vegr i kringum Affricam til Avstin.
Fæddur Philippus Melancton.
Americus Vesputius uppleitar mørg lønd sierdeilis i Nordur America, so sem Florida, Niju Spaniam ꝛc. af honum fieck sa Heimspartur sitt Nafn.

1500. Johannes Dana Koongur færdi strijd uppa Ditmersken og miste þar mest allt sitt strijdsfolk, enn framgvæmdi eckert. Crantz.

1501. Stiftadur Hœskooli til Vittenberg i Þijdskalande. Chyth.

1505. Martinus Lutherus gaf sig under Mwka Reglu til Erfurt, adur hafdi hann studerad Løg. Chron. Hebionis.

1509. Voru mikler Jardskiœlftar i Constantinopel, so þar hrøpudu margar Biggijngar og Turnar. Basilius.
Vard Henric *VIII.* Koongur i Einglandi.

1512. Fæddist eitt Skrimsle af Konu i Borginne Ravenna i Italien, hafdi horn wr høfdi, vængi i stadenn handleggia, eitt avga a hokunne, eina fugls klo sem hræfugla a ødrum fæti, a briooftenu var sem ravdur Kross, þad hafdi bædi Kallmanns og Qvenmanns getnadar Lime. Chron. Hed.
Biriadi Lutherus first ad predika moot Pœvanna Lærdoomi efter þad hann kom fra Room. Sleid.

Perio-

Periodus XI.

Fra þvij *Lutherus* biriade sijna Reformation, og Trwarbragda Endurbot, og til 1652, Innehelldur *CXXXX.* Ar.

Ao. C.

1513. Andadist Johannes Dana Koongur. Holb.
Selymus vard Tyrkia Keisari. Baf.
1514. Christian *II.* krijndur til Kongs yfer Danmørk og Noreg. Chythr.
1515. Voru Hollendsker Bændur nidursetter a Amager. Holb.
1516. Angelus Arcemboldus selldi Synda aflaatzbref Paavans, i Danmørk og Sviarijke. idem.
Ferdinandus Kongur i Spania andadist, hann var Moduraſi Keisara Carls *V.* sem og so vard Koongur i Spania.
1517. A Allraheilagra Messu biriadi Lærefaderenn Lutherus openberlega ad disputera og predika mot Paavanna Lærdoome, Aflaatzbrefum, og fleiru soddann. Crantz. Sleid. Polyd.
1519. Carolus *V.* vard Keisari i Þijdskalandi var aadur Kongur i Spanien, og Herra yfer Nidurlandunum ꝛc.
Vard Solymannus Keisari hia Tyrkium og stioornade i 47 aar. Chyth.
1520. Christian *II.* inntook Svijarijki med strijde, og liet þaa i Stockholm nidurhøggva 94 Herramenn og Biskupa, med mørgum fiollda af ødru foolke. Holb.
Ferdinandus Magellanus fraa Portugal, fann veg til Austindianna giegnum þad Magellaniska sund.

§. 38.

1520. Lutherus bannfærdur af Paavanum Leone *X.* Sleid.
1521. Lutherus mætte til Vorms til ad forsvara sig fyrer Keisaranum, og sinn Lærdom, hvarefter hann var dæmdur Landflootta. Polyd. Ver.
Svijar giora nijtt fraafall og wtvelia sier til Hofdijngia Gustav Eyriksson. Holb.

Ao Chr. Auctores.

1522. Christian *II.* gaf wt sijna niju Logbook.
Prentad first a sinn a Þijdsku hid nija Testament. Sleid.

1523. Daner uppsegia Christian *II.* hollustu og trwskap, hann flijdi med 20 strijdsskipum til Hollands. Svenskir af-segia hann lijka. Holb.
Solimannus Tyrkia Keisari inntok Eiuna Rhodum a Joladægenn. Chyth.
Gustav Eyriksson Koongur i Svijþiood.
Fridric *I.* Koongur i Danmork og Noreg.
A þessu ari wtlagde Hans Michelson þad nija Testament a Donsku. Holb.

1525. Gifte Doctor M. Lutherus sig. Sleid.
Franciskus Fracklands Koongur tekenn til fanga i Vallande af Carl *V.* Keisara.

1526. Giftist Keisari Carl *V.* Elisabeth doottur Emanuelis Kgs. af Portugal og abladi vid henni 4. born, er hietu Philippus, Ferdinandus, Maria og Johanna, hier fyrirutann atti hann 2. laungietenn born Johannem og Margretham.

1527. Leifd þaug Lutherſku Trwarbrogd i Danmork a Herradeigenum sem halldenn var i Odenseyu. Holb.

1528. Voru þaug og so leifd i Svijþiood.

1529. Vien Keisarans Hofudstadur umseten af Tyrkium. Chyth.

1530. Sw Ausburgiska Trwar Jatnijng var af þeim Lutherſku underskrifud þann 25. Junii til Ausborgar og framlogd fyrir Keisarann Carl *V.* Sleid.

1531. Christian *II.* kom til Noregs med 35 Strijdsskip, gengu þa marger honum til handa. Holb. H.

1532. Var giord vid hann forlijkun, hveria Koong Fridric þo ecki hiellt, helldur var hann fangadur og settur a Sudurborgar slot i Vardhalld. idem.

1534. Christian *III.* vard Koongur i Danmork efter wtstadenn mikil orolegheit, mille hanns og þeirra af Lybek, samt Christopher Greifa af Oldenborg, og endadest ei fullkomlega sa ofridur fyr enn efter 2 ar. idem. Chyth.
Utgiefenn sw Þijdska Biblia Lutheri, oll i einulagi og þrikt til Vittemberg.

Ao. C. Auctores.

Henric *VIII.* Einglands Koongur bannfærdur af Paa-vanum, fyrir pad hann giørdi skilnad vid sijna Drottnijngu Katrinu, sem var Keisarans Mooderſyſter.

1535. Solymannus inntook Meſopotamiam, Aſſyriam og Babylon fraa þeim Perſiſku. Chyt.

Ignatius Loiola eirn Spanſkur Adalsmadur ſtiftar Jeſuitanna Stallbrædraſkap.

1536. Aller Biſkupar i Dannørk voru arreſterader, og adrer Lutheraniſker innſetter aftur. Holb.

1537. Kyrkiu Ordinantiam ſett aa Donſku af Petre Palladio Siælands Biſkupi wtgefenn, og underſkrifud.

1541. Chriſtian Koongur upppgefur ad øllu leiti ſitt tilkall til Svijarijkis, og giører vinſkap vid Koong Guſtav Eyrikſſon. A þeſſum aarum biriadi Jon Preſtur Svenſki Mattiasſon, aa Breidabolſtad i Veſturope ad prenta bækur, meinaſt þeſſe firſta Islands Prentſmidia hafa innkomed hier um 1531, Sonur hanns prentadi ſijdann i Nupufelle. Enn ſaa firſti Evangeliſke Biſkup i Skaalhollte Giſſur Einarsſon kom wt ſama aar til Stools ſijns. idem. Arn. Is. idem.

1542. Koong Chriſtian *III.* afmaadi ad fullu og øllu hier i landi, Saalumeſſur, Vigiliur, og adrar paapiſkar ſida Reglur med eirni Forordnijng.

1546. Biriadiſt ſaa ſtoori Biſkupafundur og Samkoma til Trident ſem varadi til 1561. Sleid.

Andadiſt D. Mart. Luth.

Þeir Lutherſku Furſtar biria ſtrijd moot Keiſaranum. Buch.

1547. Henric *VIII.* Koongur i Einglandi deidi, Edvard *VI.* Koongur i hanns ſtad, innfærir i Eingland þavg Lutherſku Trwarbrøgd.

1549. I Eirarſundi ecki laangt fraa Maalmøy veiddiſt eirn fiſkur oveniulega ſtoor med mannshøfde og ſem mwkahettu þar yfann aa, hwdenn var ſem mwkakaapa logud. Kong Chr. *III.* liet fæʀa hañ til Kavpinuhafnar og grafa þar. Holb.

1550. Jón Araſon Hoola Biſkup, med ſijnum tveimur Sonum Ara og Byrne haalshoggner i Skaalholte. Arn. Isl.

Sw Danſka Biblia þrikt i firſta ſinn.

Ao. Chr. | Auctores.

1551. Prestum a Islande var leift ad gifta sig. Ak. Isl.
Vijgdist Olafur Hiallrason firsti Lutherskur Biskup ad Holb.
Hoolum.

§. 39.

1553. Christian *III.* lætur stifta Skoola a Islande. idem.
1555. Keisarinn gaf a þessu ari, þeim Luthersku Furstum, i Buch.
Þijdskalandi frijheit ad ydka sijn trwarbrøgd.
1556. Foor Carl Keisari til Spanien, sagdi af sier Keisaradæm- Chyt.
id, og gieck i Clavstur hinns H. Jústi.
1558. Andadist Carl Keisari, Ferdinandus brooder hañs aftur Buch.
wtvalenn, enn Elizabeth vard Drottnijng i Einglandi Tuan.
og færdi þar inn þavg Lutherfku Trwarbrøgd aftur.
A. þessum arum gieck ein mañskiæd boola i Islande. Annál.

Adur enn Elizabeth kom til stiórnar i Einglandi, stiórnadi Maria Syster hennar i 5 ár, og stiftadi þar stóra offókn móti þeim Reformerndu. A þessu ári liet Philippus Spania Kóngur breña Presteñ Franciskum Cacalla, sem hafdi veitt Carolo 5. fødur hanns Sacramented og þiónustud hann i Davdanum, ásamt 13. adra.

1559. Andadist Christian *III.* Dana Koongur a Nijarsdag,
enn Son hanns Fridrik *II.* vard Koongur.
A þvi ari deide og sa fangne Koongur Christian *II.* Holb. H.
Sania var var Ditmerſken yferunnenn og inntekenn af
Dana Koongi Fridric *II.*
1560. Deide Gustavur Sija Koongur, Eyrikur *XIV.* Son Ruffinus.
hanns took þar aftur Koongdoom.
Stiftadar grimar offooknar mooti þeim Evangelisku, Thuan.
bædi i Frankarijke og Spanien.
1563. Biriadist strijd milli Dana og Svija, wt af þeim 3. Cro- Holb.
num i þeirra merkium og vopene. item af Gullande,
eirni Ey, i Avsturfioonum.
1564. Deide Ferdinandus Keisari, Maximilianus *II.* var kio-
renn i hanns stad. Þessi Keisari atti Mariu dootter Chyt.
Carls *V.* fyrir Drottnijng, og abladi vid heñi 16. børn.
1565. Daniel Rantzov sigradi vid Falkiobijng 25000 Svija med Holb.
einum 4000 af Donskum.

Ao. Chr. | Auctores.

1566. Deide Solymannus Tyrkia Keisari, Son hans Selymus kom efter hann.

1568. Johannes *III.* took til fanga broodur sinn Eyrik og vard Koongur i Svijþiood, þar efter drap hann Eyrik Koong a Eitri. Puffendorf.

1570. Fridur milli Dana og Svija sluttadur til Stetin, feingu þa Daner Skaney, Bleking, Halland, Jamtaland Gulland, Herdalen, og badum Koongum leift ad fæara þær 3 Cronur i sijnum merkium. Holb.

1572. Gregorius *XIII.* Paavi i Room.

Sa Franske Printz Henrik af Navarra, fieck til ekta Margrete Valesiu, Syster Carls Koongs *IX.* i þvi Brudlavpi vooru aller þeir sem medkiendu Calvini lærdoom og nefnduſt Hugonetter, af hinum Paapisku svikſamliga myrdter, og er þad kallad Parhſar Bloodbad Thuan. Chyt.

Þessi hrædiligu mórd birindust í París þan 24. Augusti og vsrudu í 3. daga, á hvsrium tíma alleina í þeim stad mirdtar vóru 30000 manns, enn yfer allt í Ríkenu meir enn 70000. Sleid. Cluv.

Skrifad er ad frá Anno Christi 1550 til 1580 hafe þeir Pápisku nidurdrepid sokum trúarbragdanna, í Frankarike, Spania Italia, Einglandi, Hollandi 900000 mans, þar ibland 39 Fúrstar og Biskupar, 148 Greifar, 235 Baronar, 147518 Adalsmenn 700060 af Almúga; slík var þá grimd Pávans og hanns úrsendara ædigángur. Þegar Pávi Gregorius í Róm heirdi þad blódbad, liet han hallda opennbera þacklætis hátíd fyrir þessi Mord tókust so luckulega. Crocc. Theat. pag. 1098. Theod.

1574. Amurath *III.* vard Keisari hia Tyrkium.

1576. Rudolphus *II.* vard Keisari. Theat.

1578. Sebastianus Koongur i Portugal foor herferd til Serklands moot Abdelmelech er rekid hafdi fra Rijke Mehemed broodur sinn, i þeirri ferd var hann drepen og bader hiner Serkia Kongar asamt ollu hans folke.

Eirn Spanskur Hofudsmadur í Hollandi, villdi nauga velborinne Jómfrú til samlags vid sig, hún greip eirn stickhníf og

rak

Ao. Chr. Auctores.

rak í Qvid hønum, so hann fiell, óskadi hann þá Prests fundar ádur han dæi, og þá búid var ad þiónusta hann, bad han vígia sig samann vid þessa Jómfrú, hvad og giørt var, sídann gaf hann henni allt sitt Góß (sem var stór miked) og andadist sídann. Thuan.

1579. Philippus *II.* Koongur í Spanien foreinar aftur Kongsrijked Portugal vid Spaniam. idem.
Giordu samband mooti þeim Sponsku þavg 4. lønd Holland, Selland, Frijsland og Uttrect, til ad forsvara sijn Trwarbrøgd.

1582. Gregorius Pævi wtgaf eitt nijtt Rijm edur Calendarium
Amurath *III.* liet drepa 5 brædur sijna enn son sinn Mahomed 16 vetra umskar hann, og hiellt sijdann veitslu í 40 daga.

1584. Sw firsta Edition þeirrar Islendsku Bibliu wtgefenn af Gudbrande Biskupi a Hoolum. Xn.

1585. Sixtus *V.* Pævi í Room hann bannfærdi Elizabeth Drottnijng af Einglande fyrir umbreitijng trwarbragdanna. Theat.

1587. Halshøggveñ í Einglandi Maria Stüart Drottnijng af Skotlandi.

1588. Deidi Koong Fridric *II.* í Danmørk enn Christian *IV.* vard Koongur 11 ara gamall. Holb.
Philippus *II.* Koongur í Spania wtsendi siñ oyfervinñanliga flota mooti þeim Eingelsku og Hollendsku, í hønum vooru 150 stoor Strijdsskip og a þeim 30000 Strijdsmenn og Skipsfoolk, fyrir utañ stooran fiollda af Adalsfolke, Mwkium, og ødru hiski sem reisti uppa forlistijng. Þessi floti færdi 1600 Messiing Fallsticke og 10000 af Jarni, fyrir utann otøluleg ønnur vopn og margfalldañ strijdsbwnad. A Skipunum vooru og Kirkiur og Alltari, og a þvij stærsta eitt stoort forgillt Mariu Bijlæti med þeirri yferskrift HEFÞU SONAR ÞINS. Þessi floti mest allur var a fáum vikum eidilagdur af sio og stormum, enn sum skipenn uppbrenndu þeir Eingelsku og Hollendsku edur skutu þavg í gruñ, mørg hertooku þeir. §. 40

Ao. C. Auctores.

§. 40.

1589. Henric *IV.* vard Koongur i Frankarijke, hinn firsti af Þvij Borboniska Hwse. Hanns formadur Henric *III* var stwngenn til davds af einum Jesuita. Thuan.
Anna Dootter Koong Fridriks *II.* af Danmørk giftist Jacob Koonge i Stoorbrittanien.

1590. Gregorius *XIV.* ecki fullt ar Pavi i Room, hañ eiddi i þeim tijma 5000000 Rixdølum sem Sixtus *V.* hafdi samanndreiged. Chyt.

1591. Var so mikil dijrtijd i Room og Italia ad otølulegur fioldi folks do, ein skieppa Hveitis kostadi 34 Rdr. Var þa færd þangad matvara fra Danmørk, Hollande, Avstursioonum og Þijdskalandi; þeim sem first sagdi þær Skipafriettir i Room gaf Pavinn 1000 Ducata.

1593. Henric Fracklands Koongur took þav Papisku Trwarbrøgd. Thuan.

1594. Sigismundus Koongur i Polen wtvalenn til Koongs i Svijþiood. Holb.

1595. Amurath *III.* sem var sa 14 Koongur hia Tyrkium enn 6. Miklagards Keisari hia þeim, deide Mahomed Son hanns took Rijke, hann drap strax enn nw 18. brædur sijna og liet grafa þa hia fodur sijnum. Calv. in C. Thea. H.

1596. A þessum arum yfersstoodu þavg langvarandi strijd sem Spanien færdi moot Hollendskum og Engelskum. Grot. Thuan.

1598. Deidi Philippus *II.* Spania Koongur, var etinn lifandi af Modkum, hann hafdi fyrir saker þeirra Papistisku Trwarbragda laated aflijfa otøluligann fiollda foolks. Grotius. Thuan.

1600. Carolus *IX.* Koongur i Svijþiood, enn Sigismundus hanns Broodurson og Koongur i Polen var rekiñ þar fra Koongdoomi sokum þeß hann villdi iñfæra i Svijarijke aftur þavg Papisku Trwarbrøgd. Holb.

1601. Andadist sa nafnkiendi Stiørnumeistari Tycho Brahe til Prag i Þijdskalande af Barnsiott, hann var þa i þenustu Keisara Rudolphs. ibem.

1603. Andadest sw nafnkienda Enska Drottnijng Elisabeth, sem stioornad hafdi i 45 ar, enn Jacobus Stuart vard Thuan.

aftr

aftur Koongur og foreinar þavg 3 Rijke, England Ir- Cambdem.
land og Skotland.

1605. Kong Christian *IV.* i Danmørk sendi 4 skip ad uppleita Hols.
Grønlande og 5 æred efter.

Mahomet *III.* deide, Achmet son hanns Keisari. Lyschand.

1606. Vard uppvijs i Einglande svikafull fyrirtekt Jesuitanna, Casavbonus.
er æsett hofdu ad mijrda allt þad Koongliga hws og
Parlamentis Herrana.

Formenn þessa íllrædis vóru Robert Catasbejus, Thomas Spond.
Percius, og Vintenis, med fleirum. Rádherrann Montagvil,
fieck eitt nafnlaust bref ad hallda sig frá Parlamentis Sam-
komunni þann áqvardada dag. þetta opennberadi hann hinum Thuan.
ødrum, var þá rannsakadur Kiallvrinu, sem var under Ráð-
stofunni, fundust þar 36 stórar tunnur fullar med þad allra- idem.
finasta púdúr; eirn ad nafni Gvido Fauxius, fannst vid hurd-
ena, og hafdi hiá sier liós, samt adskilianliga hørqveike, med Spondanus.
hvøriun hann ætladi ad tendra í þessu púdri, þegar aller Rik-
esins ædstu menn, med Kóngi, Drottningu, Printzunum, Bisk- Meteranus.
upunum og ødrum Herrum væru innkomnir og setster.

Chr. *IV.* reisti til Einglands.

1609. Slwttudu Spansker 12. æra Strijdshlie vid þæ Hollend-
sku sem þæ voru reiknader frij folk, og eingum skattgillder. idem.

1610. Franciscus Ravaliac stak i hel Kong Henric *IV.* i Frackl. Thuan.

1611. Strijd milli Dana og Svija, Daner inntooku Calmar
og Elfsborg.

Gustavus Adolphus Koongur i Svijarijke. Hols.

1613. Giordur Fridur mille Dana og Svija.

Mattias vard Keisari i Þijdskalandi.

1615. Bigd þav Koongl. Begravelse i Roskilld; item Trinitatis idem.
Kirkia, i Kavpinnhafn og Borsann.

1616. Capitain Jens Munk sendur til ad uppleita veg milli A- idem.
merica og Grønlands med tveimur skipum, lá i Grøn-
landi um vetur hvar flest allt hanns fóolk do enn hann
komst til baka med þridia mann.

§. 41.

1617. Osmannus vard Keisari hiá Tyrkium. Hols.

1618. Kong Christian *IV.* sender 6 skip til Ostindien, first til
Zeilon og sijdann til Tranqvebar, hvar Admiral Ove

Ao. C Auctores.

Giedde uppriettet þa Avstindianisku Hondlun.

1619. Ferdinandus *II.* vard Keisari i Þijdskalande. Theat.

1620. Christian *IV.* stiftar Compagnie yfer þeirri Islendsku, Færeyisku og Finmerkur Hondlun sem varadi i 42 ar.

1623. Soreyar Skooli giordur ad Academie firir Adalleg born. Holb.
Mustapha Tyrkia Keisari, og sijdann Amurath *IV.* Cluv.
Koongsbergs Silfurverk stiftad i Norege.

1625. Christian *IV.* innviklast i Strijd vid Keisarann.

1626. Tyrkiar komu fra Algier, a nockrum Ranskipum til Annál. Isl.
Islands, og hertooku foolk i Avstfiordum, Grindavijk og Vestmannaeium.

1629. Fridur milli Kong Christians *IV.* og Keisarans. Holb. H.

1630. Gustavus Adolphus Svija Koongur biriar Strijd a mooti Keisaranum, med stoorum framgange.

1632. Fiell hann efter margar Sigurvinnijngar, til Lavznitz, en Theatr.
Christina hanns Dootter kom til Rijkis.

1637. Ferdinandus *III.* vard Keisari i Þijdskalandi. idem.

1639. Fann ein Boondastwlka i Holstein eitt stort Gullhorn a morkenni med imsum myndum og er þad enn nw geimt Holb.
a þvij Kongl. Konst Kamerse.
Annad ad vigt 7 pund og 14 Lood fannst nær þvij i sama stad arid 1734, sem og so er a Konst Kamersenu til sijnis.

1643. Svijar yferfalla Koong Christian *IV.* med Strijde. idem.

1644. Sioostag vid Femeren, hvar i Christian Koongur misti sitt Avga.

1645. Fridur milli Dana og Svija til Bromsebrw, þa misti Danmork, Gulland, Jamtaland, Oesel item Herdalen i Noreg, og Hallayd i 30 ar. Theat.

1648. Fridric *III.* vard Koongur i Danmork.
Var giordur almennilegur Fridur til Vestphalen i Thuan.
Þijdskalandi efter þad langvaranlega 30. ara strijd, var þa þeim Evangelisku leifd frij trwarbragda ydkun. Hollánd vard eitt frij Rijke, wt af fyrir sig, Grot.
efter langt og bloodugt Strijd mooti Spanien.

1649. Eingelsker aklaga sinn Koong Carolum Stúart og lietu Thuan.
hælshoggva hann, enn Olifer Cromvel took aftur ad sier Rijkisstioornena.

Period.

Auctores.

Periodus XII.

Frá 1652 til Annum 1752. Innehelldur C. Ár.

Ao. C.

1652. Lodvik *XIV.* Koongur i Fracklande.

§. 42.

1654. Carolus Gustavus vard Koongur i Svijþiod.
1655. Alexander *VII.* vard Paavi. Su Svenska Drottnijng Holb.
Christina antok Pæpiska trw og reisti til Room.
1657. Deide Ferdinandus *III.* Keisari, enn son hanns Leopoldus Ignatius kom i hanns stad. Bucholtz.
Danske erklæra strijd mot Svijarijke.
1658. Biriudu Danske ad høndla til Gvinea i Affrica. Svija Kongur Carl Gustav kom fra Polen, intok Julland og Holb. Hist. 3 Tom.
Holstein, it. Fion. Þañ 12. Febr. for hañ med her siñ a Ise iñ i Selland, var þa giordur fridur til Roskilld, mistu þar Daner Skaney, Halland, Þrandheim, Borgundarholm og eñ fleira. Frid þeñañ brutu Svijar strax efter, giordu landgang i Sellande, iñtoku Cronborg og løgdust um Kavpiñhafn. Þañ 29. Aug. komu Hollendsker i Eyrarsund, sloust vid Svija, og hialpudu Kavpiñhafn med matvorur. idem.
1659. Þañ 11. Febr. um nott veittu Svijar Kavpeñhafn harda atløgu med skotum og ofridarstorme, og villdu þreingia sier iñ i stadiñ, eñ voru afslegner og mistu margt folk. Þañ 14. nbr. var slag vid Nyborg voru Svijar wtdrifner fra Fione. Holb. Puffend.
1660. Do Carl Gustav til Gottenborg. Carolus *XI.* giordi frid vid Polen og misti Lifland. Item vid Danmork. idem.
Var Souveraniteted edur Einvallds Arfarettur yfer Danmerkur Rijki, þeim Donsku Kongum eftergefenn, og þeirra Erfingium æfinnlega. Carolus *II.* Kongur i Einglandi Holb. Thuan.
1665. Utgefenn þavg Donsku Kongalog, af Fridric *III.*
Strijd milli Hollands og Einglands. Holb.
Deide Philippus *IV.* Koongur i Spania.
1669. Portugal fiell fra Spaniam Alphonsius vard þar Kongr. Thuan.

Ao. Chr.		Auctores.
1670.	Deidi Koong Fridric *III.* Christian *V.* kom i hans stad	
1671.	Koong Christian *V.* stiftar Greifa og Frijherra stand i Danmerkur Rijki.	Holb. H.
1675.	Christian *V.* innviklast i strijd vid Svija og inntok Vismar.	idem.
1676.	Slag vid Øland, mistu Svijar 10 skip og 2 Admirala.	
1677.	Þavg Svensku strijdsskip 36 ad tølu sloonst i Kiøgebugt mooti 31 Donskum, mistu Svijar 11 skip hin fijdu.	Puff.
1679.	Giordur fridur vid Svenska til Lund i Skaaney.	
1680.	Uppretrad i Kavpenhafn þad Vestindiska Compagnie. Fridriksborg i Gvinea biggd. Innrettad eitt Islendskt og Færeyisk Compagnie.	Vita Chr. 5
1682.	Petur Alexiovits vard Czar edur Keisari i Moskov, og innfærdi þar Konster, Handverk og Lærdoom.	Chron. D.
1683.	Voru wtgefenn þavg Donsku Løg. Innrettud nij Vigt og Mælir. Biggt Hospital i Kavpenhafn fyrer þad veika siofolk. Þann 14. Julii efter þad Keisari Leopolldus var nij reistur fraa Vien- sijnum Adseturs stad kom þa sa Tyrkneske General med 200000 Tyrkia og Tartara og laa um Stadenn i 8 vikur, inntil Johannes Sobysky Koongur i Polen, Joh. Georg. *III.* Kwrfurste af Saxen, og Hertugenn af Lothringen med 80000 manns komu, og frelsudu borgena so Tyrkiar mistu þar allann sinn fans og strijdsbwnad, og meir enn 100000 manns.	Comp. Chr. / Theatr. Hist. / Holb. Intr.
1685.	Utgefenn Rijtualinn og Handbookenn i Danmørk. Calvinistum gefenn trwarbragda frijheit i Kavpenhafn. Byggdur Nyholmur.	Chron. D.

§. 43.

1687.	Utgefenn þavg Norsku Løg. Finmerkur hondlun efterlaaten Biorgvinar Kavpmonnum	idem.
1688.	Forbetradur Hæsterettur, og stiftad Assistentzhwsed.	Ch. 5. Hist.
1691.	Stiftad Cadet Academied i Kavpenhafn.	
1693.	Riddaranna Stand og Orda af Elephanten og Dannebrogen endurbætt, og avkenn vid hana ny Frijheit.	idem.

Ao. Chr. | Auctores.

1697. Stiftud tvo Grænlands Compagnie, annad i Kaupenhafn hitt i Biørgvijn. Carl *XII.* Kongur i Svijþiod Chron. D.

1699. Andadist Koong Christian *V.* Fridric *IV.* Koongur. Pad nija Rijm innfært i Danmørk og Noreg. F. 4. Vita.

1700. Strijd milli Svija og Dana, sem þo forlijkadist sama aar

1701. Preussen giørd ad einu Koongs Rijkie. Ann.
Hannover vard Churfursta dæmi.
Sendi Fridric *IV.* til Ostindien ad umvenda Heidijngium. idem.

1708. Fridric *IV.* reisti til Italien.

1709. Biriadist Strijd milli Dana og Svija. Koong Carl *XII.* sem i undannfarinn aar, hafdi fært Strijd moote Polen, Russum og Soxum, misti aa þessu aari allt sitt foolk vid Borgena Pultava i Russlande, og flijdi sialfur wt i Tyrkeried. Vita Ch. 5. Vita F. 4.

1711. Carolus *VI.* vard Keisari i Þijdskalande.

1712. Daner inntooku Bremen.

1713. Greifi Steenbuck brende af Borgena Altona og maatte sijdann gefa sig faangenn med ollu sijnu foolke ad tolu 11060. Stiftun Cadett Academiesins fornijud.

1714. Tonnijngen inntekenn af Donskum. Missions Collegium stiftad, og Finnmørk þar til løgd.

1715. Riga og Stralsund inntekenn af Donum, og Wismar aarid efter.

1718. Carl *XII.* Svija Koongur i helskotenn i Norege.

1719. Tordenskiølld inntook Marstrand.

1720. Fridur giørdur milli Dana og Svija.
Fridricus *I.* af Hessencassel Koongur i Svijþiood.

1721. Stiftad Grænlands Compagnie i Kaupenhafn.

1722. Georgius *II.* Fursti af Hannover Kongur i Einglandi.
Stiftad Vaisenhwsed i Kaupenhafn.

1728. Uppkom ognarligur Elldibrandur i Kaupinhafn.

1730. Koong Fridric *IV.* deide, Christian *VI.* vard Koongur.

1733. Stiftad Assurans Compagnied i Kaupenhafn.
Fridric Kiørfursti af Saxen Koongur i Polen.

1736. Ungdoomsens Confirmation i Danmørk og Norege tilskickud.

Ao. C. Auctores.

§. 44.

1737 Stiftad Kyrkin Inspections Collegium. item Banqven i Kaupenhafn opnadur.
1738. Valleyar Slot og nockru fyr Vimmeltooft giord ad Jomfrwa Clavstrum fyrir Adalsfoolk.
1739. Docqven i Kaupenhafn algiord.
1740. Sendar Colonier til Grænlands.
Christiansborgar Slot albigt.
Fridric *II.* Koongur i Preussen.
Benedict *XIV.* Paavi i Room.
Maria Theresia vard Keisara Drottning.
Hallded Jubilæum Typographicum i Þijskalandi i minning Prentverksens uppkomu fyrir 300 arum.
1741. Ludvig Harboe sendur sem Visitator Generalis til Islands.
1743. Forlijkadist med penijnga millilæge sw miskliid sem risen var milli Dana og Svija wt af Koongavalenu, og var Adolphus Fridiricus Hertuge af Holsteiñ Gottorp wtvalenn til Koongs.
1746. Christian *VI.* deidi, Fridric *V.* Koongur i Danmork.
Ferdinandus *VI.* Koongur i Spania.
Giordur fridur vid Algier.
Soreyar Academie endurstiftad.
1750. Josephus Koongur i Polen.
1752. Viriadi Koong Fridric *V.* med penijnga skeink og ødrum atburdum ad hialpa Islande.
Eggert Olafsson og Biarne Pálsson biria sijnar Inqvisitiones Physico- Oeconomicas.

†

CONSPECTUS.

CONSPECTUS.

CONTINUATION til vorra Tijma filger ſeirna, enn epter theſſu Tijmatali, vill reiknaſt ad Heimurinn nu til Nyttar 1781. hafe ſtaded 5750 ar, ſem mismunar um 2 ar fra thvi ſem ſtendur i vorum Almanockum.